

# HEIMILIS- OFBELDI

Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu

Í ritinu er fjallað um niðurstöður rannsóknar á umfangi og eðli þeirra ofbeldismála milli skyldra og tengdra sem skráð voru í kerfi lögreglu á árunum 2006 og 2007. Ekki er um tæmandi úttekt að ræða enda ekki algilt að ofbeldi milli skyldra og tengdra sé skráð sem heimilisofbeldi heldur aðeins sem ofbeldi, hótun eða kynferðisbrot svo eitthvað sé nefnt. Fram kemur að heimilisofbeldistilvik geta verið margskonar og því ólík atvik felld undir þetta hugtak.

Guðbjörg S. Bergsdóttir er félagsfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra. Hún hefur einkum unnið að rannsóknum er snúa að gögnum lögreglu.

Rannveig Þórisdóttir er félagsfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur áralanga reynslu af rannsóknum á gögnum lögreglu. Einnig hefur hún unnið að rannsóknum á reynslu borgara af afbrotum og viðhorfum til lögreglu auk rannsókna á ótta við afbrot.



# HEIMILIS- OFBELDI

Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu

Guðbjörg S. Bergsdóttir  
Rannveig Þórisdóttir



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

# **Heimilisofbeldi**

**Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins  
og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007**



# Heimilisofbeldi

## Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu 2006-2007

Guðbjörg S. Bergsdóttir

Rannveig Þórisdóttir

Maí 2010

© 2010 Höfundar

ISBN: 978-9979-9565-7-0

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda eða útgefenda.

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Útgáfustaður: Reykjavík

Hönnun forsíðu: Grafika: Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Prentun: Litlaprent ehf.

## Formáli

Þessi rannsókn á ofbeldi milli skyldra og tengdra er hluti af stærra verkefni sem hófst árið 2000 er Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri ákvað að gera rannsókn á ofbeldi eins og það birtist í gögnum lögreglu og gögnum bráðamóttöku. Í framhaldi var gerð áætlun um að skoða mismunandi tegundir ofbeldis. Byrjað var á því að skoða ofbeldi gegn lögreglumönnum, annars vegar eins og það birtist í lögregluskýrslum og hins vegar miðað við reynslu lögreglumannanna og voru niðurstöður þeirra rannsókna birtar í skýrslu árið 2007.

Í þeirri rannsókn sem hér er fjallað um er kannað umfang og eðli þeirra ofbeldismála milli skyldra og tengdra sem skráð voru í kerfi lögreglu á árunum 2006 og 2007. Unnið er út frá víðri skilgreiningu á hugtakinu þar sem allt ofbeldi milli skyldra og tengdra er skoðað en ekki aðeins ofbeldi milli maka/sambýlisaðila eða fyrrum maka/sambýlisaðila. Ekki er um tæmandi úttekt að ræða enda ekki algilt að ofbeldi milli skyldra og tengdra sé skráð sem heimilisofbeldi því oft eru slík atvik skráð sem ofbeldi, hótun eða kynferðisbrot svo eitthvað sé nefnt.

Margir hafa komið að þessari samantekt, bæði á fyrstu stigum og einnig við yfirlestur og ráðgjöf á seinni stigum. Höfundar vilja sérstaklega þakka þeim Sonju Einarsdóttur og Bjarneyju Krístrúnu Haraldsdóttur fyrir vinnu þeirra við gagnaöflun og allar þær mikilvægu ábendingar sem þær komu með við upphaf verksins og á síðari stigum þess. Starfsmenn Upplýsinga- og áætlanadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Stjórnsýslusviðs ríkislögreglustjóra fá einnig þakkir fyrir aðkomu þeirra að þessu verki. Að lokum vilja höfundar þakka Ingólfi V. Gíslasyni fyrir yfirlestur og mikilvægar ábendingar við vinnslu þessarar skýrslu. Höfundar og útgefendur bera þó einir ábyrgð á verkinu og mögulegum misfærslum sem þar kunna að leynast.

## Efnisyfirlit

|                                                             |           |
|-------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Formáli .....</b>                                        | <b>5</b>  |
| <b>Efnisyfirlit .....</b>                                   | <b>6</b>  |
| <b>Helstu niðurstöður.....</b>                              | <b>8</b>  |
| <b>Fræðilegur bakgrunnur .....</b>                          | <b>12</b> |
| <b>Kenningar og rannsóknir á heimilisofbeldi .....</b>      | <b>12</b> |
| <i>Skilgreining á heimilisofbeldi og orsökum þess .....</i> | <i>13</i> |
| <i>Heimilisofbeldi og lögreglan .....</i>                   | <i>15</i> |
| <i>Heimilisofbeldi og önnur afbrot .....</i>                | <i>16</i> |
| <i>Íslenskar rannsóknir á heimilisofbeldi.....</i>          | <i>17</i> |
| <b>Aðferðir og gögn .....</b>                               | <b>20</b> |
| <i>Mál sem voru skoðuð .....</i>                            | <i>21</i> |
| <i>Kóðun upplýsinga.....</i>                                | <i>22</i> |
| <i>Fyrirvarar á upplýsingum .....</i>                       | <i>22</i> |
| <b>Niðurstöður .....</b>                                    | <b>24</b> |
| <i>Vettvangur og tími heimilisofbeldismála.....</i>         | <i>24</i> |
| <i>Þolendur og gerendur .....</i>                           | <i>30</i> |
| <i>Fjöldi afskipta .....</i>                                | <i>35</i> |
| <i>Tengsl þolenda og gerenda.....</i>                       | <i>39</i> |
| <i>Átök eða ágreiningur .....</i>                           | <i>41</i> |
| <b>Forsaga .....</b>                                        | <b>43</b> |
| <i>Aðdragandi, kveikja og tilkynning atviks .....</i>       | <i>43</i> |

|                                                       |           |
|-------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Aðstæður á vettvangi.....</b>                      | <b>47</b> |
| <i>Aðrir á vettvangi .....</i>                        | <i>48</i> |
| <i>Áverkar og tegund ofbeldis.....</i>                | <i>49</i> |
| <i>Alvarleiki.....</i>                                | <i>53</i> |
| <b>Afgreiðsla lögreglu á vettvangi.....</b>           | <b>60</b> |
| <b>Umræða .....</b>                                   | <b>63</b> |
| <i>Þolendur og gerendur .....</i>                     | <i>64</i> |
| <i>Fjöldi afskipta .....</i>                          | <i>65</i> |
| <i>Aðdragandi, kveikja og tilkynning atviks .....</i> | <i>66</i> |
| <i>Aðrir á vettvangi .....</i>                        | <i>67</i> |
| <i>Áverkar og tegund ofbeldis.....</i>                | <i>67</i> |
| <i>Afgreiðsla lögreglu .....</i>                      | <i>69</i> |
| <b>Heimildir.....</b>                                 | <b>71</b> |
| <b>Töflur í viðauka .....</b>                         | <b>76</b> |
| <b>Breytulistu .....</b>                              | <b>83</b> |

## Helstu niðurstöður

- Unnið var með samtals 993 mál sem töldust annaðhvort ofbeldi eða ágreiningur milli skyldra og tengdra og tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006 og 2007.
- Í flestum tilvikum voru ofbeldis- eða ágreiningsmál milli skyldra og tengdra skráð á höfuðborgarsvæðinu eða 76 prósent ofbeldismála og 81 prósent ágreiningsmála.
- Flest tilvikin áttu sér stað á heimili eða einkalóð, eða í 92 prósentum tilvika.
- Tilkynningar um heimilisofbeldi dreifast nokkuð jafnt yfir árið. Hins vegar eru flest tilvik tilkynnt um helgar eða 47 prósent.
- Flest tilvik voru tilkynnt til lögreglu frá kvöldmat til klukkan þrjú á morgnana. Ívið fleiri ágreiningsmál voru tilkynnt á kvöldin og ofbeldismál á næturnar.
- Athygli vekur að þegar tími tilkynningar er skoðaður eftir vikudegi þá var heimilisofbeldi oftast tilkynnt á kvöldin á virkum dögum en eftir miðnætti og fram eftir nóttu um helgar.
- Alls komu 964 einstaklingar við sögu sem þolendur, samanlagt í 1.140 skipti. Í 70 prósentum tilvika voru þolendur konur og í 30 prósentum tilvika karlar. Meðalaldur þolenda var 35 ár.
- Gerendur voru 787 og komu þeir við sögu í 950 tilvikum. Í 76 prósentum tilvika voru karlar gerendur og í 24 prósentum tilvika konur. Meðalaldur gerenda var 35 ár.
- Í 74 prósentum tilvika var um að ræða einn þolanda og í 83 prósentum tilvika einn geranda.
- Í flestum þeirra tilvika þar sem um var að ræða fleiri en einn þolanda og geranda voru báðir aðilar á vettvangi skráðir sem þolendur og gerendur þar sem upplýsingar um atvik gátu ekki sýnt fram á hvor var gerandi og hvor þolandi í máli.

- Rúmlega 86 prósent gerenda og 87 prósent þolenda komu aðeins einu sinni við sögu í gögnum lögreglu vegna heimilisofbeldis á rannsóknartímanum (2006 og 2007).
- Konur voru líklegri en karlar til að vera ítrekað þolendur og að sama skapi voru karlar líklegri en konur til að vera ítrekað gerendur.
- Sjö prósent karlanna og 15 prósent kvennanna komu oftár en einu sinni fyrir í skýrslum lögreglu sem þolendur.
- Tæplega átta prósent kvenna og 16 prósent karla komu oftár en einu sinni við sögu í skýrslum lögreglu sem gerendur.
- Við lestur skýrslna kom fram í þriðjungi mála að gerandi hafði áður beitt þolanda ofbeldi.
- Þegar önnur brot gerenda voru skoðuð kom í ljós að 715 þeirra höfðu verið kærðir fyrir önnur brot en heimilisofbeldið á árunum 2000 til 2007, flestir fyrir umferðarlagabrot.
- Í eingöngu 27 prósentum þeirra tilvika þar sem einstaklingur var álitinn þolandi samkvæmt skilgreiningu sem lögð var til grundvallar í rannsókninni var hann skráður sem slíkur í málaskrárkerfi lögreglu.
- Þegar tengsl gerenda og þolenda í heimilisofbeldismálum eru skoðuð kemur í ljós að í flestum tilvikum var um að ræða maka (43%) eða fyrrverandi maka (24%).
- Í 28 prósentum tilvika var um að ræða fjölskyldutengsl. Þar undir var algengast að foreldri væri þolandi barns síns (12%), barn þolandi foreldris (10%) eða að um ágreining/ofbeldi milli systkina væri að ræða.
- Forsaga var þekkt í um helmingi tilvika. Þegar þau tilvik voru skoðuð kom í ljós að í um 30 prósentum tilvika var heimilisofbeldið rakið til skilnaðar eða sambandsslita.
- Áfengis- eða vímuefnaneysla var hluti af forsögu rúmlega 18 prósentu ofbeldismála og 12 prósentu ágreiningsmála.

- Lögregla var kölluð á vettvang í miklum meirihluta heimilisofbeldismála (88%). Í 10 prósentum tilvika kom þolandi á lögreglustöð eða hringdi til að tilkynna atvik og fá það bókað.
- Í flestum tilvikum var það þolandi sem tilkynnti atvik og oftast var lögreglu hleypt inn án frekari vandræða þegar hún kom á vettvang.
- Fram kemur í skýrslum lögreglu að mikill meirihluti þolenda var allsgáður er atvik átti sér stað en að sama skapi var 51 prósent gerenda undir áhrifum áfengis eða annarra efna.
- Í 39 prósentum mála var a.m.k. eitt barn á vettvangi (þ.e. undir 18 ára aldri) þegar atvik átti sér stað.
- Alls urðu 53 prósent þolenda fyrir einhvers konar andlegu ofbeldi en 64 prósent urðu fyrir einhvers konar líkamlegu ofbeldi. Afar fá tilvik voru skilgreind sem kynferðislegt ofbeldi.
- 12 prósentum þolenda var ógnað með einhvers konar vopni eða því beitt gegn þeim.
- Í meirihluta tilvika (65%) hlutu þolendur enga áverka og í fimmtungi tilvika minniháttar áverka (t.d. marbletti eða skrámur).
- Þegar heimilisofbeldi er skoðað nánar út frá alvarleika kemur í ljós að ofbeldið er jafnan alvarlegast hjá þolendum í aldurshópnum 18 til 34 ára og 35 til 51 árs.
- Þá komu fram tengsl á milli alvarleika og aðgerða lögreglu þar sem lögregla var mun líklegri til að grípa til formlegra aðgerða ef ofbeldi var alvarlegt.
- Fram kemur að alvarleiki heimilisofbeldismála var jafnan minni í þeim tilvikum þar sem gerandi var talinn allsgáður.
- Lögregla hafði samskipti við 85 prósent þolenda á vettvangi og 73 prósent gerenda.

- Algengast var að þolandi yrði eftir heima og að lögregla aðhefðist ekkert formlega gagnvart honum. Í 44 prósentum tilvika fór þolandi af heimilinu, í 27 prósentum tilvika til t.d. fjölskyldu eða vina og í 17 prósentum tilvika vegna formlegrar íhlutunar lögreglu (þá er átt við þegar þolandi fór á slysadeild, í Kvennaathvarf eða barnavernd var kölluð til).
- Í 40 prósentum tilvika varð gerandinn eftir á vettvangi, þ.e. ekkert var í raun aðhafst gagnvart honum. Rétt meira en þriðjungur gerenda fór sjálfviljugur eða var farinn af ofbeldisvettvangi þegar lögregla kom á vettvang en 20 prósent þeirra voru handtekin.

## Fræðilegur bakgrunnur

### Kenningar og rannsóknir á heimilisofbeldi

Þó svo að flestir séu kunnugir hugtakinu heimilisofbeldi þá er langt frá því að allir séu á eitt sáttir um til hvers konar hegðunar hugtakið vísar. Þó er í flestum tilvikum átt við ofbeldi en einnig getur hegðun eins og áreitni, ágreiningur, hótanir og þvinganir fallið þarna undir. Þá þarf heimilisofbeldi ekki endilega að vera á milli maka eða fyrrverandi maka því hugtakið hefur verið skilgreint víðar og getur einnig átt við um sambúðaraðila og fjölskyldumeðlimi.

Óljós skilgreining á því hvað er átt við þegar fjallað er um heimilisofbeldi verður til þess að mjög erfitt er að bera saman og meta tíðni heimilisofbeldis milli landa og jafnvel milli mælinga. Til að mynda getur skipt miklu í rannsókn hvort spurt er beint „*hefur þú orðið fyrir heimilisofbeldi á síðustu 12 mánuðum*“ eða hvort rakið er hvað geti talist sem heimilisofbeldi áður en þátttakandi er spurður út í reynslu sína af því. Þá eru gögn ekki alltaf sambærileg milli rannsókna. Þannig byggjast sumar rannsóknir á heimilisofbeldi á spurningalista eða símakönnunum þar sem almenningur er spurður út í reynslu sína af ofbeldi (sjá m.a. Walker, Flatley og Kershaw, 2009; Helgi Gunnlaugsson, Rannveig Þórisdóttir og Vilborg Magnúsdóttir, 2005), aðrar á gögnum lögreglu (Johnson, 2007), gögnum frá heilbrigðisstofnunum (t.d. Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1982) o.s.frv. Hver þessara gagnategunda hefur sína kosti og galla en engin þeirra nær þó að lýsa heildarveruleika heimilisofbeldismála ein og sér.

Hér er unnið með gögn frá lögreglu til að skoða eðli þeirra heimilisofbeldismála sem lögregla fær upplýsingar um. Ekki má alhæfa út frá þessum niðurstöðum um heimilisofbeldi almennt enda líklegt að aðeins hluti heimilisofbeldismála berist lögreglu (sjá m.a. í Jóhanna Rósa Arnardóttir,



2009) og að ólíkir þættir einkenni frekar þessi mál en þau mál sem lögregla fær ekki upplýsingar um. Á hinn bóginn, þó svo að lögregla hafi aðeins vitneskju um lítinn hluta heimilisofbeldismála, þá er mikilvægt að skoða vel þau tilvik sem hún hefur upplýsingar um. Þannig veitir þessi rannsókn innsýn inn í þau heimilisofbeldismál sem lögregla fékk vitneskju um, eðli þeirra og umfang og ekki síst afgreiðslu lögreglu í þessum málum. Þá getur þessi rannsókn ásamt öðrum rannsóknum sem byggjast á ólíkum aðferðum bætt þekkingu okkar á ofbeldi milli skyldra og tengdra á Íslandi.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er fjallað almennt um heimilisofbeldi á Íslandi, tíðni þess, vettvang og tíma. Í öðrum hluta er fjallað um forsögu málanna með því að skoða aðdraganda þeirra og mögulega kveikju. Í þriðja hluta er fjallað um aðstæður á vettvangi. Þar er sérstaklega litið til alvarleika málanna m.a. út frá meiðslum og vopnanotkun. Að lokum er afgreiðsla lögreglu í þessum málum skoðuð.

## Skilgreining á heimilisofbeldi og orsökum þess

Eins og fram hefur komið er flókið að skilgreina til hvaða hegðunar verið er að vísa þegar fjallað er um heimilisofbeldi enda hefur það verið skilgreint á marga vegu. Þó hefur verið bent á að margar skilgreiningar á heimilisofbeldi eigi það sameiginlegt að ofbeldinu sé lýst sem ákveðnu kúgunarferli en ekki sem einstökum atburði (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Á Íslandi er heimilisofbeldi ekki skilgreint sérstaklega í lögum heldur litið svo á að atvik eins og ofbeldisbrot (217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga 19/1940), kynferðisbrot (194.–207. gr. almennra hegningarlaga), brot gegn frjálsræði manna (225. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga) og eignaspjöll (257. gr. almennra hegningarlaga) á milli skyldra eða tengdra aðila séu heimilisofbeldismál (Ríkislögreglustjórinn, 2005). Einnig er kveðið á um það í 70. gr. almennra hegningarlaga að það skal að jafnaði taka til greina til



þyngingar refsingar ef verknaður hefur beinst að karli, konu eða barni sem er nákominn geranda og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins.

Þegar fjallað er um heimilisofbeldi er ekki eingöngu átt við atvik þar sem líkamlegu ofbeldi er beitt því andlegt og tilfinningalegt ofbeldi fellur einnig þar undir. Hins vegar er mun erfiðara að skilgreina slíkt ofbeldi og ekki eru allir á eitt sáttir hvenær ákveðin hegðun telst andlegt ofbeldi. Í riti um ofbeldi í nánum samböndum bendir Ingólfur V. Gíslason (2008) þó á að almennt séu menn á eitt sáttir um að andlegt ofbeldi feli í sér niðurlægjandi hegðun sem hefur það að markmiði að ná stjórn á maka eða ná yfir honum völdum. Getur það falist í því að gerandi leitast við að ráðskast með þolanda, til að mynda með því að vanvirða og hunsa tilfinningar hans, að hrópa eða öskra á hann. Þá er algengt að gerandi telji þolandanum trú um að hann sé barnalegur og/eða heimskur og að túlkun þolandans á raunveruleikanum eigi ekki við rök að styðjast. Gerandi heimtar að fá yfirráð yfir fjármunum þolandans og notfærir sér þá. Í sumum tilfellum reynir hann markvisst að einangra þolanda frá fjölskyldu og vinum, t.d. með því að takmarka aðgang að síma eða samgönguleiðum auk þess sem dæmi eru um að gerandi notfæri sér börn þolandans til að stjórna honum, til dæmis með því að hóta að reyna að ná fullu forræði yfir börnunum (Department of Health, 2005; Krug, Dahlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002; Saltzman, Fanslow, McMahon og Shelley, 1999). Ofbeldið þarf ekki endilega að felast í orðum heldur getur það einnig falist í því að gerandi ógnar með því að vera sýnilegur, t.d. með því að keyra ítrekað framhjá heimili þolanda eða sitja fyrir utan án þess að orðum sé beitt, senda hótanir í tölvupósti eða með smáskilaboðum o.s.frv. (Tjaden og Thoennes, 2000). Gerandi getur þannig haft mikil áhrif á líðan, hegðun og skoðana-myndun þolanda með því að beita hann andlegu ofbeldi. Þá hafa rannsóknir sýnt að oft byrji ofbeldið á því að vera andlegt en leiðist út í að verða líkamlegt þegar til lengri tíma er litið (Stets, 1990) en tegund andlegs ofbeldis getur skipt máli í þessu sambandi (Hamby og Sugarman, 2009).



Ýmsir þættir hafa verið nefndir sem orsök ofbeldis innan fjölskyldna. Í skýrslu WHO (Krug o.fl., 2002:98) eru nefndir nokkrir þættir sem geta haft áhrif á að ofbeldi sé beitt og er þessum þáttum skipt í einstaklingsþætti, þætti sem tengjast sambandi maka, samfélagslega þætti og félagslega þætti. Þar eru nefndir þættir eins og ungur aldur, mikil áfengisnotkun, geðræn vandamál, átök eða óstöðugleiki í sambandinu, feðraveldisáhrif (e. men dominance in the family) og fátækt eða fjárhagslegir erfiðleikar. Þættir sem einnig hafa verið nefndir sem ekki voru taldir upp í skýrslunni eru meðganga og skilnaður (Department of Health, 2005; Hotton, 2001). Þá hefur verið sýnt fram á að heimilisofbeldi getur haft ýmsar alvarlegar afleiðingar fyrir þolanda. Þannig geti slíkt ofbeldi haft neikvæð áhrif á andlega jafnt sem líkamlega heilsu og hegðun þolanda geti breyst (tekið sem dæmi aukin áfengis- eða vímuefnaneysla) (Krug o.fl., 2002).

## Heimilisofbeldi og lögreglan

Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á gögnum lögreglu benda til þess að karlmenn séu líklegri en konur til að beita ofbeldi. Það ofbeldi sem tilkynnt er til lögreglu getur verið allt frá minniháttar átökum til alvarlegra áverka, en flest tilvik sem tilkynnt eru til lögreglu eru þó minniháttar (Capaldi, Shortt, Kim, Wilson o.fl., 2009; Marklund og Nilsson, 2008). Þá hefur komið fram að ofbeldið eigi sér oftast stað í heimahúsi á næturnar um helgar þar sem áfengi eða önnur efni koma oftast en ekki við sögu, sérstaklega hvað varðar gerendur (Marklund og Nilsson, 2008).

Þegar skoðað á heimilisofbeldi eins og það birtist í gögnum lögreglu er mikilvægt að hafa í huga að lögregla fær ekki tilkynningu um öll tilvik heimilisófriðar eða heimilisofbeldis. Þannig kemur fram í skýrslu sænska afbrotavarnaráðsins (Brå, 2002) að 4-5 sinnum fleiri konur verði fyrir ofbeldi en tilkynningar til lögreglu segja til um. Þá sýndi íslensk rannsókn að tæplega



Þriðjungur þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir heimilisofbeldi höfðu tilkynnt það til lögreglu (Dómsmálaráðuneytið, 1997) og svipuð rannsókn frá árinu 2009 að aðeins 13 prósent hefðu tilkynnt atvikið til lögreglu (Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2009). Þó verður að hafa í huga að það eru ekki eingöngu þolendur sem tilkynna heimilisofbeldi til lögreglu heldur einnig tengdir aðilar eða jafnvel ytri aðilar eins og t.d. nágrannar, en þar geta þættir eins og traust til lögreglu og ánægja skipt máli (sjá t.d. Johnson, 2007).

## Heimilisofbeldi og önnur afbrot

Þó svo að rannsóknir bendi til þess að gerendur í heimilisofbeldismálum beiti maka sinn ítrekað ofbeldi (Marklund og Nilsson, 2008) þá hafa önnur brot þessara einstaklinga verið skoðuð í fáum rannsóknum enda stundum litið svo á að heimilisofbeldi og ofbeldi sem beinist gegn einstaklingum utan fjölskyldu séu tveir aðgreindir hlutir sem ekki sé hægt að skýra með sama hætti (Fagan og Wexler, 1987). Vera má að þetta skýrist af því að jafnan er talið að ungir karlmenn úr lægri stigum samfélagsins séu líklegastir til að beita ofbeldi þegar litið er til almennrar ofbeldishegðunar en hins vegar hafa sumar rannsóknir á heimilisofbeldi bent til þess að þar sé frekar um að ræða karlmenn á miðjum aldri sem beita ofbeldi og kúgun til að stjórna og sýna vald sitt yfir konum (Dobash og Dobash, 1978). Þrátt fyrir þetta benda rannsóknir til þess að þeir sem beita ofbeldi í nánnum samböndum beiti einnig aðra ofbeldi og brjóti jafnframt af sér ítrekað með öðrum hætti (sjá m.a. Etter og Birzer, 2007). Þannig eru þeir sem beita maka sinn ofbeldi líklegri en aðrir til að beita börn ofbeldi auk þess sem vísbendingar eru um að þeir sem beiti maka sinn ofbeldi séu líklegri en aðrir til að brjóta af sér með öðrum hætti (Murrell, Christoff og Henning, 2007). Samband heimilisofbeldis og annarra afbrota er þó ekki svo einfalt því rannsóknir hafa bent til þess að þó svo þeir sem beiti maka sinn ofbeldi beiti einnig aðra ofbeldi og brjóti jafnframt af sér með öðrum hætti þá



séu það ekki endilega sömu þættir sem skýri þetta tvennt (Moffitt, Kruger, Caspi og Fagan, 2000). Þannig getur sami einstaklingur misst stjórn á skapi sínu og ráðist á einstakling á bar en síðan beitt yfirvegað ofbeldi heima fyrir með það fyrir augum að stjórna maka sínum eða öðrum í fjölskyldunni.

## Íslenskar rannsóknir á heimilisofbeldi

Fyrsta rannsóknin á heimilisofbeldi var framkvæmd hér á landi árið 1982 og byggðist hún á gögnum sem dregin voru úr sjúkraskrár slysavarðstofu Borgarspítala. Framkvöðlar þessarar rannsóknar, sem nefndist Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum, voru Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. Rannsóknin sýndi að alls höfðu 62 konur leitað til slysavarðstofu vegna áverka sem þær höfðu hlotið eftir árás maka eða fyrrverandi maka, þar af 52 á eigin heimili. Áverkar þeirra voru aðallega á andlitinu og nærri því helmingur þeirra hafði hlotið alvarleg líkamleg meiðsl. Framlag rannsóknarinnar gerði það að verkum að ekki var hægt að draga í efa að heimilisofbeldi ætti sér stað á Íslandi (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1982). Þessi niðurstaða var studd af rannsókn Kristins Karlssonar (1982) sem framkvæmdi *Jafnréttiskönnun í Reykjavík* á árunum 1980-1981 þar sem spurt var um tíðni ofbeldis. Könnunin leiddi í ljós að allt að þriðjungur karla og þriðjungur kvenna vissi um tilfelli þar sem karlmaður hafði beitt konu líkamlegu ofbeldi. Ljóst var að þeir sem voru yngri höfðu oftast orðið varir við ofbeldi gegn konu en eldra fólkið.

Ekki voru gerðar fleiri rannsóknir á heimilisofbeldi hér á landi fyrr en árið 1996 er dómsmálaráðuneytið ákvað að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Til að skoða þetta var meðal annars gerð rannsókn á reynslu Íslendinga af ofbeldi. Í þeirri rannsókn kom fram að 1,3 prósent kvenna og 0,8 prósent karla sem þátt tóku í rannsókninni höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi þáverandi maka á síðustu 12



mánuðum. Hins vegar sögðust 14 prósent kvenna og fjögur prósent karla hafa verið beitt ofbeldi af hendi þáverandi eða fyrrverandi maka um ævina (Dómsmálaráðuneyti, 1997).

Í umræðu um heimilisofbeldi er mikilvægt að líta til þess hvort þolendur leiti sér aðstoðar og þá hvert. Í fyrrnefndri skýrslu var þetta jafnframt skoðað en þá eingöngu hvað varðar konur. Fram kom að þær konur sem höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi leituðu til fjölskyldu eða vina. Tæplega 29 prósent leituðu til lögreglu, um 25 prósent til sálfræðings eða heimilislæknis, um 17 prósent til slysavarðstofu og 14 prósent til Kvennaathvarfsins. Af þeim sem leituðu til lögreglu var um helmingur ánægður með þá aðstoð sem þær fengu, um 75 prósent voru ánægð með þá þjónustu sem þau fengu hjá heimilislækni eða sálfræðingi og 79 prósent af þeim sem leituðu til slysavarðstofu.

Aðrar íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið hingað til á ofbeldi milli skyldra og tengdra og ber að nefna eru annars vegar frá árinu 2005 og hins vegar 2007. Rannsóknin frá 2005 byggðist á spurningum alþjóðlegu fórnarlambakönnunarinnar (ICVS). Hún sýndi að 0,9 prósent karla og 2,2 prósent kvenna (1,6% þátttakenda) höfðu orðið fyrir ofbeldi (líkamlegu eða kynferðislegu) af hálfu þáverandi eða fyrrverandi maka, sambúðaraðila eða kærasta/kærustu á síðastliðnum 5 árum (Helgi Gunnlaugsson, Rannveig Þórisdóttir og Vilborg Magnúsdóttir, 2005). Í rannsókn sem félagsmálaráðuneytið lét gera árið 2008 kemur fram að um 42 prósent þeirra kvenna sem þátt tóku í rannsókninni höfðu orðið fyrir ofbeldi, hótun og kynferðislegri snertingu sem olli vanlíðan einu sinni eða oftar eftir 16 ára aldur. Þar af sögðu rúmlega 4 prósent slíkt hafa átt sér stað á síðustu 12 mánuðum (Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2009). Þegar spurt var um ofbeldi í nánú sambandi kom fram að 22 prósent þeirra kvenna sem tóku þátt höfðu upplifað slíkt um ævina og 1,6 prósent árið áður. Í þeim tilvikum þar sem um var að ræða ofbeldi í nánú sambandi sögðu 26 prósent aðspurðra að þær hafi



verið í lífshættu þegar síðasta atvik átti sér stað. Þá kom fram að fimm prósent þátttakenda voru ófrískar þegar síðasta atvik átti sér stað.

Þrátt fyrir alvarleika brotanna þá kom fram að eingöngu 13 prósent sögðust hafa tilkynnt heimilisofbeldi til lögreglunnar. Meginástæða þess að atvik var ekki tilkynnt var sú að þátttakendur sögðu atvikið ekki nægilega alvarlegt eða að þær hafi ekki hugsað út í það. Þá sögðust nokkrar ekki hafa tilkynnt atvikið vegna þess að þeim þótti það skammarlegt eða að þær kenndu sjálfri sér um. Athygli vekur að 19 prósent þátttakenda í rannsókninni sögðu geranda vera fyrrverandi maka en um fimm prósent höfðu upplifað ofbeldi af hálfu páverandi maka. Ekki er ljóst hvort ofbeldið átti sér stað á meðan á sambandinu stóð eða eftir að því lauk.

Árið 1999 var gerð rannsókn á ofbeldi eins og það birtist í skýrslum lögreglu (Ríkislögreglustjórnin, 2001). Þar voru skoðuð ofbeldismál og tengsl skilgreind. Þar kom fram að í sjö prósentum þessara mála voru aðilarnir hjón eða sambýlingar, tvö prósent þeirra fyrrum hjón eða fyrrum sambýlingar og í fjórum prósentum tilvika fjölskyldumeðlimir eða skyldmenn. Í 59 prósentum málanna þekktust málsaðilar ekki og í 19 prósentum tilvika var um að ræða vini eða kunningja.

Í nýlegu MA-verkefni frá Háskóla Íslands var heimilisofbeldi skoðað út frá upplifun lögreglumanna (Sonja Einarsdóttir, 2009). Rannsóknin sem byggist á viðtölum við 11 lögreglumenn leiðir það í ljós að þeir lögreglumenn sem tóku þátt í rannsókninni líta almennt svo á að hvert heimilisofbeldismál sé einstakt og að aðgerðir þeirra á vettvangi litist mjög af aðstæðum hverju sinni. Þó ber þeim saman um að almennt geti lögregla gert lítið annað en að stilla til friðar þegar hún kemur á vettvang heimilisofbeldis því oft sé takmarkaður vilji hjá þolendum til að grípa til róttækra aðgerða. Fram kemur að lögreglumennirnir muna vart eftir útkalli vegna heimilisofbeldis undir öðrum kringumstæðum en þar sem áfengi eða vímuefni koma við sögu og segja þeir það gera úrlausnina oft erfiðari en ella.


## Aðferðir og gögn

Eins og fram hefur komið er hugtakið heimilisofbeldi nokkuð vítt og ekki allir á eitt sáttir um skilgreiningu þess. Hér er unnið út frá víðri skilgreiningu á hugtakinu og litið til allra þeirra mála sem skráð voru í málaskrárkerfi lögreglu sem heimilisofbeldi eða ágreiningur. Við skráningu á heimilisofbeldi taka lögreglumenn mið af verklagsreglum sem embætti ríkislögreglustjóra setti í október 2005. Þar segir m.a. um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála að forsenda fyrir skráningu máls í verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* sé að gerandi og þolandi séu nákomnir, þ.e. skyldir eða tengdir, sem í þessu sambandi teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðarfólk, börn, systkini og foreldra eða forráðamenn. Jafnframt er tekið fram að heimilisofbeldi telst ekki eingöngu atvik þar sem ofbeldi er beitt enda lögregla oft kölluð til þar sem ágreiningur er milli skyldra og tengdra.

Þegar lögregla fær upplýsingar um atvik þá er alla jafna skrifuð skýrsla um málið. Hins vegar er einnig hægt að skrá eins konar dagbókarfærslu um málið sé það minniháttar eða ekki talið líklegt að gerð verði krafa um að það fari í formlegan farveg (atvik verði ekki kært). Í þeim tilvikum þar sem skýrsla er gerð eru alla jafna mun meiri upplýsingar um atvikið en ef aðeins er skráð í dagbók. Því var ákveðið að skoða allar skýrslur þar sem ágreiningur eða ofbeldi milli skyldra eða tengdra á árunum 2006 og 2007 var skráður. Þar sem dagbókafærslur geta einnig gefið ýmsar upplýsingar um atvik var í framhaldinu ákveðið að skoða eins margar dagbókarfærslur og hægt var miðað við tímaramma rannsóknarinnar.

## Mál sem voru skoðuð

Leitast var við að fara yfir sem flestar tilkynningar um heimilisofbeldi sem bárust lögreglu. Vegna þess hversu tímafrek þessi vinna er var ekki hægt að lesa yfir allar bókanir bæði árin og vantar því hluta mála í endanlegan gagnagrunn. Einnig voru mjög takmarkaðar upplýsingar skráðar í hluta þeirra mála sem farið var yfir og voru þau tekin úr þeim grunni sem unnið er með í þessari skýrslu. Á mynd 1 sést hlutfall yfirfarinna heimilisofbeldismála af heildarfjölda mála. Fram kemur að árið 2006 voru 88 prósent ofbeldismála skoðuð og 65 prósent ágreiningsmála. Nokkuð hærra hlutfall mála árið 2007 var skoðað eða 99 prósent ofbeldis- og ágreiningsmála. Ekki er þó unnið með öll þessi gögn þar sem í nokkrum hluta mála, helst ágreiningsmálum, vantaði nægilegar upplýsingar svo hægt væri að nýta upplýsingar úr þeim í gagnagrunninn. Þegar á heildina er litið voru 77 prósent ofbeldismála árið 2006 og 86 prósent árið 2007 í endanlegum gagnagrunni og 29 prósent ágreiningsmála árið 2006 og 33 prósent árið 2007. Í töflu 1 sést nánar fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi, fjöldi yfirfarinna mála og fjöldi í gagnagrunni.



**Mynd 1.** Hlutfall yfirfarinna ofbeldis- og ágreiningsmála af heildarfjölda mála.

**Tafla 1.** Fjöldi heimilisofbeldismála sem voru yfirfarin og heildarfjöldi mála í málaskrárkerfi lögreglu.

|                                                           | Ofbeldi | Ágreiningur |
|-----------------------------------------------------------|---------|-------------|
| Fjöldi tilkynninga um heimilisófrið 2006-2007             | 556     | 1.725       |
| Fjöldi yfirfarinna tilkynninga um heimilisófrið 2006-2007 | 518     | 1.497       |
| Fjöldi brota í gagnagrunni                                | 458     | 535         |

## Kóðun upplýsinga

Breytunum, sem valdar voru, er ætlað að gefa innsýn í heimilisofbeldismál sem tilkynnt eru til lögreglu. Safnað var upplýsingum um málin sjálf, upptökin, hver tilkynnti, hvort um var að ræða útkall o.fl. en einnig upplýsingum um þolendur og gerendur. Vandamálin við þessi mál eru hins vegar að þau eru sjaldnast kærð og því takmörkuðum upplýsingum safnað markvisst af lögreglu umfram nauðsynlegra upplýsinga um grunaða og vettvang atvika.

Fjórir skrásetjarar fóru yfir skýrslurnar og skráðu niður þær upplýsingar sem leitað var eftir. Haldnir voru reglulegir fundir til að samræma skráningu eins vel og hægt er en þegar unnið er með breytur sem þessar þá er alltaf hætt á að fram komi munur á skilgreiningum og túlkun einstakra skrásetjara. Skráðar voru upplýsingar í þrjár SPSS-skrár; í fyrsta lagi um málið sjálft, í öðru lagi um þolendur og í þriðja lagi um gerendur þar sem fleiri en einn þolandi og gerandi gat verið skráður í mál. Þegar unnið var úr skránum var þeim steyppt saman eftir því hvað var verið að skoða hverju sinni. Vegna þessa eru fjöldatölur fyrir mál, þolendur og gerendur mismunandi.

## Fyrirvarar á upplýsingum

Hafa ber í huga að í þessari rannsókn voru aðeins tekin mál sem eru skráð sem ofbeldi eða ágreiningur milli skyldra eða tengdra í málaskrárkerfi lögreglu. Mögulega eru einhver mál sem falla samkvæmt skilgreiningu undir heimilisofbeldi en hafa ekki verið skráð sem slík og eru því ekki til umfjöllunar




hér. Þá ber að hafa í huga að stundum koma upp mál þar sem vafi leikur á hvort skuli skrá þau sem heimilisofbeldi þrátt fyrir að verklagsreglur liggi fyrir og er það því huglægt mat þess sem skráir í þeim tilvikum. Dæmi um slíkt er þegar vistmenn meðferðarheimilis og starfsmenn tókust á. Hægt er að færa rök fyrir því að starfsmenn slíks heimilis séu í raun forráðamenn ungmennanna meðan þeir dvelja þar en sumir myndu e.t.v. ekki telja tengslin næg til að atvikið teldist vera heimilisofbeldi. Annað dæmi er þegar maður réðst að vinkonu fyrrverandi kærustu sinnar, vegna deilna milli hans og sinnar fyrrverandi. Ákveðið var að treysta mati þeirra sem skrá í málaskrárkerfið og halda þessum málum inni í gagnaskránni. Þessi mál heyra þó til undantekninga í gögnunum. Þá ber einnig að hafa í huga að fjöldi tilkynninga til lögreglu endurspeglar ekki raunverulegan fjölda heimilisofbeldismála á Íslandi heldur eingöngu þau sem lögreglan kemst í kast við.

## Niðurstöður

Hér er fjallað um vettvang og tíma þeirra heimilisofbeldismála sem skráð voru í gagnagrunninn og þær upplýsingar bornar saman við vettvang og tíma allra heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu og þannig kannað hvort þau mál sem skoðuð eru sérstaklega í rannsókninni séu á einhvern hátt frábrugðin þeim málum sem voru ekki tekin með í gagnaskránni vegna skorts á upplýsingum.

### Vettvangur og tími heimilisofbeldismála

Unnið var með samtals 993 mál sem töldust annaðhvort ofbeldi eða ágreiningur milli skyldra og tengdra og tilkynnt voru til lögreglu á framangreindu tímabili. Á mynd 2 sést nánari skipting á fjölda og tegund þessara mála. Fram kemur að skoðuð voru 397 atvik frá árinu 2006 og 596 frá árinu 2007. Fjölgun mála milli ára felst einkum í því að fleiri ágreiningsmál voru skoðuð frá árinu 2007 en árinu 2006. Þar sem val á málum sem upphaflega voru skoðuð var tilviljanakennt þá ætti þessi munur á fjölda mála á milli ára ekki að hafa áhrif á niðurstöður hér.



**Mynd 2.** Fjöldi ágreinings- og ofbeldismála milli skyldra og tengdra, 2006 og 2007.

**Tafla 2.** Fjöldi og hlutfall yfirfarinna ofbeldis- og ágreiningsmála milli skyldra og tengdra frá árunum 2006-2007, greint eftir embættum.

|                       | Öll mál    | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Skýrsla var skráð (%) |
|-----------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|-----------------------|
| <b>Akranes</b>        | 10         | 1,0        | 1,7                | 0,4                | 40                    |
| <b>Akureyri</b>       | 30         | 3,0        | 3,5                | 2,6                | 57                    |
| <b>Blönduós</b>       | 3          | 0,3        | 0,7                | 0,0                | 33                    |
| <b>Borgarnes</b>      | 5          | 0,5        | 0,2                | 0,7                | 100                   |
| <b>Eskifjörður</b>    | 16         | 1,6        | 1,3                | 1,9                | 69                    |
| <b>Húsavík</b>        | 11         | 1,1        | 2,2                | 0,2                | 82                    |
| <b>Hvolsvöllur</b>    | 6          | 0,6        | 0,4                | 0,7                | 67                    |
| <b>LRH</b>            | 784        | 79,0       | 76,4               | 81,1               | 38                    |
| <b>Sauðárkrókur</b>   | 4          | 0,4        | 0,4                | 0,4                | 50                    |
| <b>Selfoss</b>        | 22         | 2,2        | 2,2                | 2,2                | 73                    |
| <b>Seyðisfjörður</b>  | 11         | 1,1        | 0,9                | 1,3                | 100                   |
| <b>Snæfellsnes</b>    | 6          | 0,6        | 0,7                | 0,6                | 67                    |
| <b>Suðurnes</b>       | 53         | 5,3        | 5,2                | 5,4                | 70                    |
| <b>Vestfirðir</b>     | 13         | 1,3        | 1,7                | 0,9                | 54                    |
| <b>Vestmannaeyjar</b> | 19         | 1,9        | 2,4                | 1,5                | 74                    |
| <b>Alls</b>           | <b>993</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=458)</b> | <b>100 (N=535)</b> | <b>100</b>            |

Í flestum tilvikum voru ofbeldis- eða ágreiningsmál milli skyldra og tengdra skráð á höfuðborgarsvæðinu eða 76 prósent ofbeldismála og 81 prósent ágreiningsmála (tafla 2). Til að kanna hvort þessi skipting brota milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar væri svipuð í öðrum málaflokkum var dreifing brota gegn lífi og líkama (að kynferðisbrotum undanskildum) skoðuð. Í ljós kom að árið 2007 dreifðust tilkynningar í þessum málaflokki mun meira milli embætta en í heimilisofbeldismálum en 66 prósent ofbeldisbrota voru skráð hjá LRH. Þetta bendir til þess að hærra hlutfall heimilisofbeldismála á höfuðborgarsvæðinu endurspegli ekki endilega hærra hlutfall ofbeldis þar,

heldur einnig að þar sé lögregla líklegri til að skrá þessi mál. Þessu til stuðnings þá kemur fram í töflu 3 að á höfuðborgarsvæðinu var lögregluskýrsla skráð í 38 prósentum heimilisofbeldismála, sem er eitt lægsta hlutfall tilvika sem skrifuð var skýrsla á. Hjá hinum embættunum var þetta hlutfall yfirleitt hærra og var jafnvel 100 prósent hjá nokkrum embættum. Ekki er víst hvernig má túlka þetta en þó má leiða líkum að því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sé líklegri til að skrá öll heimilisofbeldismál meðan minni embætti skrái aðeins alvarlegri málin. Þá má vera að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fái frekar upplýsingar um þessi mál.

**Tafla 3.** Fjöldi og hlutfallsleg skipting ofbeldis- og ágreiningsmála eftir tegund vettvangs.


|                       | Öll mál    | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %  |
|-----------------------|------------|------------|--------------------|----------------|
| Akbraut/bifreiðastæði | 29         | 3,4        | 4,9                | 1,9            |
| Annað                 | 8          | 0,9        | 0,7                | 1,2            |
| Fyrirtæki             | 9          | 1,1        | 1,9                | 0,2            |
| Gata/vegur            | 1          | 0,1        | 0,0                | 0,2            |
| Heimili/einkalóð      | 776        | 91,8       | 89,0               | 94,7           |
| Samkomustaður         | 5          | 0,6        | 0,9                | 0,2            |
| Stofnanir             | 6          | 0,7        | 0,7                | 0,7            |
| Sumarhús              | 1          | 0,1        | 0,0                | 0,2            |
| Utandyra              | 5          | 0,6        | 1,2                | 0,0            |
| Verslun               | 5          | 0,6        | 0,7                | 0,5            |
| <b>Alls</b>           | <b>845</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=427)</b> | <b>(N=418)</b> |

Eins og sjá má í töflu 3 þá á ofbeldi og ágreiningur milli skyldra og tengdra sér oftast stað á heimili eða einkalóð, eða í 92 prósentum tilvika. Athygli vekur að ágreiningur átti sér frekar stað á heimili eða einkalóð en ofbeldi og því má velta því fyrir sér hvort lögreglumenn túlki ágreiningsmál þrengra en ofbeldismál og flokki því ágreining milli skyldra og tengdra aðeins undir heimilisofbeldi ef hann á sér stað inni á heimili.

Athyglisvert er að skoða dreifingu heimilisofbeldismála eftir mánuðum. Eins og fram kemur í töflu 4 þá er hlutfall tilkynninga nokkuð svipað eftir mánuðum bæði hvað varðar ofbeldismál og ágreiningsmál. Þó má sjá að hlutfallslega flest ofbeldismál voru tilkynnt á öðrum ársfjórðungi (30%) og ágreiningsmál á þriðja ársfjórðungi (31%). Athygli vekur veruleg fækkun ofbeldismála á þriðja ársfjórðungi og ágreiningsmála á þeim fjórða. Fækkun ofbeldismála er í samræmi við fækkun tilkynninga sem fram kemur þegar heildarfjöldi brota er skoðaður. Hins vegar skýrist fækkun ágreiningsmála að hluta til af því að hlutfallslega færri slík mál voru skoðuð frá fjórða ársfjórðungi en sem nam heildarfjölda tilkynninga.

**Tafla 4.** Fjöldi og hlutfall ofbeldis- og ágreiningsmála milli skyldra og tengdra sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir mánuði.

|             | Öll mál    | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|-------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Janúar      | 88         | 8,9        | 8,7                | 9,0                |
| Febrúar     | 83         | 8,4        | 10,5               | 6,6                |
| Mars        | 60         | 6,0        | 5,5                | 6,6                |
| Apríl       | 99         | 10,0       | 9,8                | 10,1               |
| Maí         | 90         | 9,1        | 9,6                | 8,6                |
| Júní        | 99         | 10,0       | 10,9               | 9,2                |
| Júlí        | 94         | 9,5        | 7,6                | 11,0               |
| Ágúst       | 87         | 8,8        | 5,7                | 11,4               |
| September   | 61         | 6,1        | 3,9                | 8,1                |
| Október     | 86         | 8,7        | 7,6                | 9,6                |
| Nóvember    | 75         | 7,6        | 8,5                | 6,7                |
| Desember    | 70         | 7,1        | 11,6               | 3,2                |
| <b>Alls</b> | <b>992</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=458)</b> | <b>100 (N=534)</b> |




**Mynd 3.** Hlutfallsleg dreifing ofbeldismála og ágreiningsmála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greind eftir vikudegi.


Á mynd 3 sést dreifing brotanna eftir vikudegi. Fram kemur að hlutfallslega flest mál eru tilkynnt um helgar eða í kringum 47 prósent mála. Þetta er í samræmi við dreifingu á heildarfjölda tilkynninga í málaskrárkerfi lögreglu eftir vikudegi, hvort sem skoðuð er dreifing ofbeldismála eða ágreiningsmála milli skyldra og tengdra.

Á mynd 4 sést hlutfallslega dreifing á tíma tilkynninga ágreiningsmála og ofbeldismála til lögreglu á árunum 2006 og 2007. Fram kemur að hlutfallslega flest atvik voru tilkynnt til lögreglu frá kvöldmat til klukkan þrjú á morgnana. Ívið fleiri ágreiningsmál voru tilkynnt á kvöldin og ofbeldismál á næturnar.

Athygli vekur að þegar skoðað er nánar hvenær ágreiningur er tilkynntur kemur í ljós að tími tilkynningar er ólíkur eftir vikudegi. Þannig eru flest ágreiningsmál tilkynnt seinnipart og á kvöldin á virkum dögum en eftir miðnætti og fram eftir nóttu um helgar (mynd 5).




**Mynd 4.** Tími tilkynningar til lögreglu á árunum 2006 og 2007, annars vegar vegna ágreinings og hins vegar vegna ofbeldis milli skyldra og tengdra.



**Mynd 5.** Hlutfallsleg dreifing ágreiningsmála milli skyldra og tengdra eftir tíma tilkynningar og vikudegi.

Svipaður munur kemur fram þegar tími ofbeldismála er skoðaður eftir vikudegi, á virkum dögum áttu hlutfallslega flest ofbeldisbrot sér stað á kvöldin en um helgar voru þau líklegri til að eiga sér stað að næturlagi (mynd 6).



**Mynd 6.** Hlutfallsleg dreifing ofbeldismála milli skyldra og tengdra eftir tíma tilkynningar og vikudegi.


## Polendur og gerendur

Alls komu 964 einstaklingar við sögu sem þolendur í þeim málum sem greind voru, samanlagt í 1.140 skipti (hafa ber í huga hér að kennitala var ekki þekkt í 143 tilvikum og því ekki hægt að eintelja einstaklinga í þeim tilvikum, samanlagður fjöldi allra þolenda var því 1.283). Gerendur voru hins vegar 787 og komu þeir við sögu í 950 tilvikum (ekki voru upplýsingar um kennitölu gerenda í 222 tilvikum og því samanlagður fjöldi tilvika þar sem gerandi var til staðar 1.172). Á mynd 7 sést fjöldi þekktra gerenda og þolenda greindur eftir kyni. Fram kemur að af þeim 964 þolendum þar sem upplýsingar lágu fyrir voru konur í miklum meirihluta eða 70 prósent. Af þeim gerendum sem upplýsingar lágu fyrir um voru konur hins vegar í minnihluta eða 24 prósent. Af þessu má sjá að konur eru mun líklegri en karlar til að vera þolendur í heimilisofbeldismálum en að sama skapi eru karlar mun líklegri en konur til að vera gerendur í þessum málum.

Af þeim sem voru grunaðir um heimilisofbeldi voru 289 skráðir sem kærðir í kerfi lögreglu. Þetta jafngildir því að í rúmlega 36 prósentum tilvika var hinn

grunaði skráður sem kærður í skrá lögreglu. Í hinum tilvikunum var oft um að ræða að hinn grunaði var nefndur í skýrslutexta eða bókunartexta en skráður sem aukaaðili í málinu, oft undir flokkinn annað.

Af þeim sem kærðir voru í málum þar sem heimilisofbeldi kom við sögu voru flestir kærðir fyrir líkamsárás (217. gr.).




**Mynd 7.** Fjöldi og hlutfall þolenda og gerenda í heimilisofbeldismálum árin 2006 og 2007, greint eftir kyni.

Á mynd 8 sést aldur þolenda og gerenda í þeim tilvikum þar sem upplýsingar lágu fyrir. Þar sem gagnagrunnurinn nær yfir tvö ár þá var aldur gerenda og þolenda tekinn er þeir komu fyrst við sögu. Fram kemur að aldur þolenda og gerenda er mjög svipaður, þó er aldursdreifingin ívið meiri meðal þolenda en gerenda. Meðalaldur þolenda og gerenda var samt hinn sami eða 35 ára.

Þegar aldur þolenda og gerenda er skoðaður eftir aldursflokkum (tafla 5) má sjá að þó svo meðalaldur hafi verið hinn sami þá voru hlutfallslega flestir

polendur á aldrinum 18 til 34 ára þegar þeir komu fyrst við sögu en hjá gerendum vorum flestir í aldurshópunum 18-34 ára og 35-51 árs (jafnt í aldurshópunum, eða 42% í hvorum).




**Mynd 8.** Aldursdreifing þolenda og gerenda í heimilisofbeldismálum á árunum 2006 og 2007.

**Tafla 5.** Aldursdreifing þolenda og gerenda í heimilisofbeldismálum á árunum 2006 og 2007.

|             | Polendur   | %          | Gerendur   | %          |
|-------------|------------|------------|------------|------------|
| 1-17 ára    | 86         | 8,9        | 51         | 6,5        |
| 18-34 ára   | 421        | 43,7       | 328        | 41,7       |
| 35-51 ára   | 351        | 36,4       | 328        | 41,7       |
| 52-68 ára   | 98         | 10,2       | 77         | 9,8        |
| 69 og eldri | 8          | 0,8        | 3          | 0,4        |
| <b>Alls</b> | <b>964</b> | <b>100</b> | <b>787</b> | <b>100</b> |

Ef litið er til aldurs þolenda, greint eftir kyni, má sjá að hærri hlutfall karla en kvenna sem voru þolendur í heimilisofbeldismálum var undir 18 ára aldri


þegar atvikið átti sér stað. Þannig voru 14 prósent karla undir 18 ára aldri en sjö prósent kvenna (tafla v1 í viðauka). Þó má sjá á mynd 9 að aldursdreifing þolenda eftir kyni er nokkuð svipuð.




**Mynd 9.** Aldursdreifing þolenda í heimilisofbeldismálum sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006 og 2007, greind eftir kyni.

Á mynd 10 má sjá aldur gerenda eftir kyni. Fram kemur að konur voru almennt yngri en karlar meðal gerenda. Þannig voru um 55 prósent kvenna undir 35 ára aldri en 46 prósent karla (sjá töflu v2 í viðauka).

Það sem jafnan einkennir heimilisofbeldismál er að um er að ræða átök eða ofbeldi þar sem aðeins er einn þolandi og einn gerandi. Þetta kemur fram í gögnum lögreglu því eins og sjá má á mynd 11 var í flestum tilvikum um að ræða einn þolanda (í 74% tilvika) og einn geranda (í 83% tilvika). Þó má sjá að mun algengara var að um væri að ræða tvo eða fleiri þolendur en gerendur. Í flestum tilvikum þar sem um var að ræða tvo eða fleiri gerendur þá var um að ræða átök milli einstaklinga þar sem báðir aðilar voru skráðir sem þolendur og gerendur. Nánar verður rætt um þau tilvik í kaflanum um átök.



**Mynd 10.** Aldursdreifing gerenda í heimilisofbeldismálum sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006 og 2007, greind eftir kyni.



**Mynd 11.** Hlutfall heimilisofbeldismála á árunum 2006 og 2007, greint eftir fjölda þolenda og gerenda í máli.


Ef fjöldi þolenda og gerenda er skoðaður eftir tegund atviks þá kemur í ljós að nokkru algengara var að gerendur væru fleiri en einn ef um ágreining var að ræða en ef um ofbeldi var að ræða. Þannig voru gerendur tveir eða fleiri í 21 prósentu ágreiningsmála en í 13 prósentum ofbeldismála (sjá töflu v3 í

viðauka). Ekki kemur fram sami munur þegar fjöldi þolenda er skoðaður eftir tegund heimilisofbeldis, þó voru þolendur ívið líklegri til að vera tveir eða fleiri í ágreiningsmálum en ofbeldismálum (sjá töflu v4 í viðauka).

## Fjöldi afskipta

Eins og rætt var í inngangi er almennt einkennandi fyrir heimilisofbeldismál að sjaldnast er um einstakt atvik að ræða heldur ítrekuð brot. Því er athyglivert að skoða hvort þetta kemur fram í gögnum lögreglu.

Flestir þolendur og gerendur komu aðeins fyrir í einu heimilisofbeldismáli á þessu tveggja ára tímabili sem rannsóknin nær yfir eða 87 prósent þolenda og rúmlega 86 prósent gerenda (sjá mynd 12).



**Mynd 12.** Hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006 og 2007, greint eftir fjölda skipta sem þolendur og gerendur komu við sögu.

Þegar ítrekun afskipta er skoðuð annars vegar meðal karla og hins vegar meðal kvenna kemur í ljós að konur voru líklegri en karlar til að vera ítrekað þolendur og að sama skapi voru karlar líklegri en konur til að vera ítrekað

gerendur. Þannig komu 15 prósent kvennanna fyrir oftari en einu sinni sem þolendur en sjö prósent karlanna. Þá voru 4,5 prósent kvennanna oftari en tvisvar sinnum þolendur (30 konur), mest níu sinnum, en enginn karl (tafla 6). Sömu sögu er að segja af gerendum en tæplega 16 prósent karla komu við sögu oftari en einu sinni sem gerendur en tæplega átta prósent kvenna (tafla 7).

**Tafla 6.** Hlutfall karla og kvenna sem urðu þolendur heimilisofbeldis árin 2006 og 2007 eftir því hversu oft þau voru skráð þolendur.

|                        | Alls       | %          | Kona %             | Karl %             |
|------------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Einu sinni             | 839        | 87,0       | 84,5               | 92,8               |
| Tvisvar                | 95         | 9,9        | 11,0               | 7,2                |
| Þrisvar                | 19         | 2,0        | 2,8                | 0,0                |
| Fjórum sinnum          | 7          | 0,7        | 1,0                | 0,0                |
| Fimm sinnum eða oftari | 4          | 0,4        | 0,6                | 0,0                |
| <b>Alls</b>            | <b>964</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=671)</b> | <b>100 (N=293)</b> |

**Tafla 7.** Hlutfall karla og kvenna sem voru grunuð um heimilisofbeldi árin 2006 og 2007 eftir því í hversu mörgum málum þau voru skráð sem gerendur.

|                        | Alls       | %          | Kona %             | Karl %             |
|------------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Einu sinni             | 677        | 86,2       | 92,5               | 84,3               |
| Tvisvar                | 83         | 10,5       | 7,0                | 11,6               |
| Þrisvar                | 15         | 1,9        | 0,5                | 2,3                |
| Fjórum sinnum          | 6          | 0,8        | 0,0                | 1,0                |
| Fimm sinnum eða oftari | 6          | 0,6        | 0,0                | 0,8                |
| <b>Alls</b>            | <b>787</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=186)</b> | <b>100 (N=601)</b> |

Við yfirferð skýrslna og dagbókarfærslna kom í 323 málanna fram að gerandi hefði áður beitt þolanda ofbeldi, eða í þriðjung málanna (sjá töflu v5 í viðauka). Gera má ráð fyrir að slíkar upplýsingar komi alls ekki alltaf fram í framburði þolanda auk þess sem hafa ber í huga að þó að vitað sé að ofbeldi




hafi átt sér stað áður þá liggur ekki fyrir hversu oft það hefur átt sér stað. Þessar upplýsingar eru þó ákveðin vísbending um endurtekið ofbeldi en þessi ítrekunartíðni kemur ekki fram í gögnunum yfir tímabilið sem þessi rannsókn náði yfir.

Þó vekur athygli þegar önnur brot þessara einstaklinga eru skoðuð í skráum lögreglu að af þeim sem skráðir voru gerendur í gagnagrunninum var aðeins 61 einstaklingur sem hafði ekki verið skráður sem kærður í skráum lögreglu (hvorki fyrir heimilisofbeldið sem fjallað var um í rannsókninni né fyrir önnur brot á árunum 2000 til 2008). Alls 715 einstaklingar höfðu hins vegar verið kærðir fyrir önnur brot en þau sem skoðuð voru hér. Oftast var um að ræða umferðarlagabrot en einnig var nokkur hópur kærður fyrir hegningarlagabrot og önnur sérrefsilagabrot en umferðarlagabrot. Athygli vekur að öðrum brotum fjölgar á sama tíma og heimilisofbeldismálið átti sér stað. Á mynd 13 sést fjöldi þeirra brota sem einstaklingar í rannsókninni voru kærðir fyrir á árunum 2000 til 2008 (að frátöldum þeim heimilisofbeldismálum sem fjallað var um í gagnagrunninum). Fram kemur að á sama tíma og gerendur voru kærðir fyrir það heimilisofbeldismál sem fjallað er um hér þá fjölgaði öðrum brotum meðal þeirra. Þetta á sérstaklega við um hegningarlagabrot og umferðarlagabrot.

Þau brot sem gerendur í heimilisofbeldismálum voru helst kærðir fyrir voru of hraður akstur, þjófnaður og akstur án ökuréttinda. Þá voru mörg brot vegna vörslu og meðferðar ávana- og fíkniefna og ölvunar á almannaþæri.

Einstaklingar kærðir fyrir heimilisofbeldi voru kærðir fyrir 75 ofbeldisbrot árið 2006 og 100 árið 2007, þar af 57 líkamsárásir (217. gr.) árið 2006 og 74 árið 2007. Um var að ræða 59 einstaklinga árið 2006 og 77 árið 2007. Til samanburðar má nefna að árið 2007 voru 1.379 einstaklingar kærðir fyrir ofbeldisbrot, sem þýðir að þeir gerendur sem fjallað er um í þessari rannsókn voru tæplega sex prósent kærðra fyrir annað ofbeldi það ár.



**Mynd 13.** Brot sem gerendur í heimilisofbeldismálum á árunum 2006 og 2007 voru kærðir fyrir á árunum 2000 til 2008.

*Ítrekun heimilisofbeldis kemur skýrt fram í rannsókn Sonju Einarsdóttur (2009) á reynslu lögreglumanna af heimilisofbeldi. Þannig sögðust nær allir viðmælendur hennar hafa farið ítrekað á vettvang heimilisofbeldis. Einnig kom fram hjá lögreglumönnum að oft flyttu gerendur sig á milli sambanda og héldu þar uppi fyrri hætti.*

*Bjarni sagði til dæmis að það væri erfitt að koma inn á heimili þar sem svona „síbrota menn í heimilisofbeldi“ væru þar sem lögreglumenn vissu oft af því að þeir hefðu áður beitt maki sinn ofbeldi en að þeir gætu ekki sagt þólandanum frá því.*

## Tengsl þolenda og gerenda

Eitt af því sem hefur áhrif á umræðu um heimilisofbeldi er skortur á upplýsingum um þessi mál. Eins og áður hefur verið rætt eru til að mynda ekki allir á eitt sáttir um það hvernig ber að skilgreina þessi mál og hefur það veruleg áhrif á skráningu þeirra. Þegar heimilisofbeldismál voru skoðuð kom í ljós að í eingöngu 27 prósentum þeirra tilvika þar sem einstaklingur var samkvæmt þeirri skilgreiningu sem unnið er út frá í þessari rannsókn þolandi var hann skilgreindur þannig í málaskrárkerfi lögreglu. Í 24 prósentum tilvika var þolandi hins vegar skráður sem annars vegar *tilkynnandi* og hins vegar *annað*. Í átta prósentum tilvika var ekkert skráð undir aukaaðili. Þá var þolandi skráður sem *kærandi* í sex prósentum tilvika og *aðstandandi* eða *skyldur* í fimm prósentum tilvika (tafla 8).

**Tafla 8.** Þolendur í heimilisofbeldismálum á árunum 2006 og 2007 og tegund tengsla samkvæmt skráningu lögreglu.


|                         | Alls         | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|-------------------------|--------------|------------|--------------------|--------------------|
| Árásarþoli              | 349          | 27,2       | 44,4               | 12,4               |
| Annað                   | 329          | 25,6       | 16,3               | 33,7               |
| Tilkynnandi             | 312          | 24,3       | 17,1               | 30,5               |
| Ekkert skráð            | 102          | 8,0        | 4,4                | 11,0               |
| Kærandi                 | 72           | 5,6        | 9,9                | 1,9                |
| Aðstandandi/skyldur     | 62           | 4,8        | 3,5                | 6,0                |
| Húsráðandi              | 29           | 2,3        | 0,7                | 3,6                |
| Vitni                   | 17           | 1,3        | 2,2                | 0,6                |
| Gerandi (aðal eða auka) | 11           | 0,9        | 1,5                | 0,3                |
| <b>Alls</b>             | <b>1.283</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=595)</b> | <b>100 (N=688)</b> |

Þegar skráningar eru skoðaðar nánar eftir því hvort um var að ræða ágreining eða ofbeldi kemur í ljós að í ágreiningsmálum heyrir nánast til undantekningar að einstaklingur sé skráður sem þolandi í málaskrárkerfi lögreglu, mun oftast er notast við flokka eins og *annað* eða *tilkynnandi*. Mun



algengara er hins vegar í ofbeldismálum að polandi samkvæmt skilgreiningu þessarar rannsóknar sé einnig skráður þannig í málaskrárkerfi lögreglu eða í rúmlega 44 prósentum tilvika.

Þegar tengsl milli polenda og gerenda eru skoðuð kemur ekki á óvart að í flestum tilvikum var um að ræða maka eða fyrrverandi maka. Þannig kemur fram á mynd 14 að þegar tengsl eru þekkt var polandi í 43 prósentum tilvika maki og 24 prósentum tilvika fyrrverandi maki. Í 28 prósentum tilvika var um að ræða önnur fjölskyldutengsl. Þar undir var algengast að einstaklingur beitti foreldra sína ofbeldi (12%), væri beittur ofteldi af hálfu foreldra sinna (10%) eða að um ágreining/ofbeldi milli systkina væri að ræða. Í fimm prósentum tilvika var um að ræða önnur tengsl en fjölskyldu eða makatengsl. Dæmi um slíkt er mál þar sem um var að ræða ágreining eða ofbeldi milli drengja á meðferðarheimili og starfsmanna (sjá nánari skilgreiningu í viðauka, töflu v6).



**Mynd 14.** Tengsl polanda við gerenda, greind eftir tegund atviks.

Á árunum 2006 og 2007 voru 88 polendur í heimilisofbeldismálum undir 18 ára aldri. Kynjahlutföllin eru frekar jöfn, 52 prósent konur og 48 prósent karlar. Um 77 prósent gerenda voru foreldrar en í níu prósentum tilvika var barnið polandi systkinis (sjá töflu 9).



**Tafla 9.** Fjöldi og hlutfallsleg dreifing tengsla þolenda undir 18 ára aldri við gerendur.

|                                  | Fjöldi    | %          |
|----------------------------------|-----------|------------|
| Barn er þolandi foreldris        | 68        | 78,2       |
| Systkini                         | 8         | 9,2        |
| Annað (vinur eða eitthvað slíkt) | 4         | 4,6        |
| Maki                             | 5         | 5,7        |
| Önnur fjölskyldutengsl           | 2         | 2,3        |
| <b>Alls</b>                      | <b>87</b> | <b>100</b> |

## Átök eða ágreiningur

Eins og fram kom í aðferðarkafli þá var í sumum málum ekki hægt að skrá aðeins einn geranda eða einn þolanda því stundum var um að ræða átök milli tveggja einstaklinga þar sem báðir aðilar voru þolendur og gerendur. Til að halda nánar utan um þetta var í þessum málum reynt að greina á milli þess hvort viðkomandi væri aðalgerandi eða aðalþolandi og aukagerandi eða aukþolandi.

Undir aukapolendur féllu þolendur í málum þar sem t.d. tveir aðilar deildu og báðir beittu hvor annan ofbeldi. Þá var aðilinn sem beittur var alvarlegra ofbeldi skráður sem aðalþolandi en hinn sem aukapolandi. Ef hins vegar ekki var hægt að taka afstöðu í gegnum skýrsluna voru báðir aðilar skráðir aðalgerendur og aðalþolendur. Einnig gat í sumum málum ofbeldið beinst aðallega að einum aðila, sem var þá skráður aðalþolandi, en einnig að öðrum aðila í mun minna mæli og var sá hinn sami þá skráður sem aukapolandi. Dæmi um slíkt væri t.d. atvik þar sem unglingsstelpa ræðst að föður sínum sem fær áverka (hann aðalþolandi), en kastar einnig hlutum að móður sinni og systur (þær aukapolendur).

Í flestum tilvikum lá nokkuð ljóst fyrir hver var gerandi og hver var þolandi í máli því 91 prósent þolenda voru skráðir aðalþolendur og 94 prósent gerenda aðalgerendur. Um 83 prósent aðalgerenda voru karlar en 17 prósent konur.



Konur voru hins vegar fleiri meðal aukagerenda eða 72 prósent þeirra (N=68). Þessu er öfugt farið meðal þolenda en þar voru aðalþolendur 74 prósent konur og 26 prósent karlar. Hins vegar eru karlar í meirihluta aukapolenda, eða 62 prósent þeirra. Við nánari greiningu á þessum málum kemur í ljós að í 104 málum var um að ræða tvo aðalgerendur og tvo aðalþolendur, þ.e. ekki var hægt að greina á milli þess hvor aðilinn var eiginlegur gerandi í málinu. Því má lýsa um 10 prósent þeirra mála sem skoðuð voru sem átökum milli tveggja aðila frekar en árás eins eða fleiri á aðra (sjá töflu 10).

**Tafla 10.** Fjöldi mála þar sem flækjustig var hátt, þ.e. um að ræða tvo aðalgerendur og tvo aðalþolendur í sama máli.

|                                 | Öll mál    | %          | Ofbeldismál %      | Ágreiningsmál %    |
|---------------------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Mál þar sem flækjustig var hátt | 104        | 10,5       | 4,1                | 15,9               |
| Önnur mál                       | 889        | 89,5       | 95,9               | 84,1               |
| <b>Alls</b>                     | <b>993</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=458)</b> | <b>100 (N=535)</b> |

*Í rannsókn Sonju Einarsdóttur (2009) á heimilisofbeldi kemur fram að lögreglumenn upplifa oft aðstæður þar sem þeim finnst erfitt að greina hver er þolandi og hver er gerandi í máli. Þeir segja að í slíkum aðstæðum sé oft eins og báðir aðilar segi aðeins hluta sögunnar og reyni að fegra eigin þátt í atburðarásinni. Viðmælendur hennar sögðu oft erfitt að bregðast við slíkum kringumstæðum, sérstaklega þegar engir áverkar væru sýnilegir.*



## Forsaga

Hér verður fjallað um hvert var upphaf þeirra heimilisofbeldismála sem bárust til lögreglu og hvernig lögreglu bárust upplýsingar um þessi mál. Eins og áður hefur verið rætt var oft erfitt að meta út frá lögregluskýrslum eða dagbókarfærslum hvað leiddi til ofbeldis eða ágreinings en leitast var við að meta þetta út frá lýsingum þolenda og gerenda.

### Aðdragandi, kveikja og tilkynning atviks

Til að fá betri mynd af þeim heimilisofbeldismálum sem tilkynnt eru til lögreglu var leitast við að greina í skýrslum og dagbókarfærslum aðstæður þolenda og gerenda og draga þannig upp mynd af forsögu málsins. Að sjálfsögðu er það yfirleitt svo að mjög flóknar félagslegar aðstæður tengjast heimilisofbeldi og því er erfitt að benda á einhverja eina ástæðu eða orsök fyrir því. Þó mátti oft greina í skýrslunum svipaða mynd félagslegra aðstæðna og atvika sem leiddu til ágreinings eða ofbeldis. Þannig mátti sjá að í 30 prósentum þeirra tilvika þegar forsaga var þekkt (forsaga var þekkt í um helmingi tilvika) var um að ræða annars vegar skilnað eða sambandsslit og hins vegar ágreining milli fjölskyldumeðlima (sjá töflu 11). Svipuð mynd kom fram hvort sem um var að ræða ágreining eða ofbeldi þó kemur fram að hlutfallslega flest ágreiningsmál mátti rekja til átaka milli fjölskyldumeðlima (annarra en maka og fyrrverandi maka) en hlutfallslega flest ofbeldismál mátti hins vegar rekja til skilnaðar eða sambandsslita. Áfengis- eða vímuefnaneysla var hluti af forsögu rúmlega 18 prósentu ofbeldismála og 12 prósentu ágreiningsmála en atvik flokkuðust þarna undir ef til að mynda var tekið sérstaklega fram að gerandi eða þolandi væri búinn að vera í langvarandi neyslu.

**Tafla 11.** Aðstæður sem höfðu áhrif á heimilisofbeldi í málum tilkynntum til lögreglu á árunum 2006 og 2007.

|                                     | Alls       | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %     |
|-------------------------------------|------------|------------|--------------------|-------------------|
| Skilnaður/sambandsslit              | 150        | 29,9       | 29,0               | 30,7              |
| Ágreiningur milli fjölskyldumeðlima | 148        | 29,5       | 22,0               | 36,6              |
| Áfengis- eða vímuefnaneysla         | 76         | 15,1       | 18,4               | 12,1              |
| Forræðisdeila/ágreiningur um börn   | 39         | 7,8        | 8,2                | 7,4               |
| Hjónabands- eða sambandserfiðleikar | 30         | 6,0        | 9,8                | 2,3               |
| Alvarleg veikindi                   | 29         | 5,8        | 6,1                | 5,4               |
| Ágreiningur um fjármál/atvinnuleysi | 10         | 2,0        | 2,0                | 1,9               |
| Nýr maki                            | 9          | 1,8        | 1,2                | 2,3               |
| Þráhyggja                           | 8          | 1,6        | 2,9                | 0,4               |
| Meðganga                            | 3          | 0,6        | 0,4                | 0,8               |
| <b>Alls</b>                         | <b>502</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=245)</b> | <b>100(N=257)</b> |

Auk þess að leitast við að greina félagslegar kringumstæður atviks var reynt að greina hvað það var sem varð kveikjan að því atviki sem tilkynnt var til lögreglu. Líkt og með aðdragandann þá var oft erfitt að meta hvað leiddi til þess atviks sem skoðað var en þó mátti í 83 prósentum tilvika greina að hluta til hvað leiddi til ofbeldisins eða ágreiningsins. Í flestum tilvikum var um að ræða rifrildi eða ósætti milli gerenda og þolenda eða í 76 prósentum tilvika. Þá virtist árás óvænt eða fyrirvaralaus í 14 prósentum tilvika. Í fimm prósentum tilvika var um öfund eða afbrýðisemi að ræða og fimm prósent tilvika flokkuðust sem annað.

Kveikja að ofbeldi var nokkuð svipuð hvort sem um var að ræða ofbeldismál eða ágreining. Þó kom fram að rifrildi var ívið sjaldnar kveikjan í ofbeldismálum en ágreiningsmálum en á hinn bóginn var kveikjan óvænt eða fyrirvaralaus í 19 prósentum ofbeldismála en 10 prósentum ágreiningsmála (sjá töflu 12).

Í þeim heimilisofbeldismálum sem greind voru hér var lögregla kölluð út í 88 prósentum tilvika. Í 10 prósentum tilvika kom þolandi á lögreglustöð eða

hringdi til að tilkynna atvik og fá það bókað. Í nokkrum tilvikum (12 talsins) var útkall afturkallað og í 11 tilvikum (1% tilvika) kom vitni og tilkynnti á lögreglustöð. Í töflu 13 sést nánar hvernig lögregla fékk upplýsingar um atvik eftir því hvort um var að ræða ágreining eða ofbeldi milli skyldra og tengdra. Fram kemur að um var að ræða útkall í tæplega 90 prósentum ágreiningsmála og rúmlega 83 prósentum ofbeldismála. Þessi niðurstaða kemur á óvart þar sem ætla mætti að lögregla væri frekar kölluð út þegar um alvarlegri atvik væri að ræða.

**Tafla 12.** Heimilisofbeldi tilkynnt til lögreglunnar árið 2006 og 2007, greint eftir því hver var kveikja atviksins og tegund.


|                      | Alls       | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|----------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Rifrildi             | 624        | 76,0       | 69,7               | 81,4               |
| Óvænt/fyrirvaralaust | 115        | 14,0       | 18,7               | 10,0               |
| Öfund/afbrýðisemi    | 38         | 4,6        | 6,1                | 3,4                |
| Annað                | 44         | 5,4        | 5,5                | 5,2                |
| <b>Alls</b>          | <b>821</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=380)</b> | <b>100 (N=441)</b> |

**Tafla 13.** Heimilisofbeldismál tilkynnt til lögreglunnar árið 2006 og 2007, greind eftir því hvernig lögreglu bárust upplýsingar um málið.

|                                        | Alls       | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|----------------------------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Útkall                                 | 865        | 88,0       | 83,7               | 89,8               |
| Polandi hringdi eða kom á lögreglustöð | 99         | 10,1       | 14,1               | 6,6                |
| Vitni tilkynnti á lögreglustöð         | 11         | 1,1        | 1,1                | 1,1                |
| Ósk um lögreglu niður á slysadeild     | 4          | 0,4        | 0,9                | 0,0                |
| Lögreglan kemur að atviki              | 4          | 0,4        | 0,2                | 0,6                |
| <b>Alls</b>                            | <b>983</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=454)</b> | <b>100 (N=529)</b> |

Polandi tilkynnti atvik sjálfur í flestum tilvikum, hvort sem um var að ræða ofbeldi eða ágreining. Þannig tilkynnti polandi sjálfur atvik í rúmlega 64 prósentum ofbeldismála og tæplega 75 prósentum ágreiningsmála. Þá tilkynnti vitni á staðnum um atvikið í 13 prósentum ofbeldismála en sjö

prósentum ágreiningsmála. Athyglisvert er að gerandi tilkynnti um atvikið í fjórum prósentum tilvika en þá var helst um að ræða mál þar sem ágreiningur var á milli foreldris og barns (sjá mynd 15 og töflu v7 í viðauka).



**Mynd 15.** Heimilisofbeldismál sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006 og 2007, greind eftir tilkynnanda.


*Fram kemur í rannsókn Sonju Einarsdóttur (2009) að miklu skiptir fyrir aðstæður lögreglumanna á vettvangi með hvaða hætti tilkynning um atvik berst þeim. Þannig sagði einn viðmælenda hennar að ef tilkynningin kæmi frá ókunnugum þá væri oft lokað á þá og þeir upplifðu aðstæður eins og þeir væru að reyna að ryðjast inn. Einn viðmælenda hennar lýsti aðstæðum þannig:*

*... Yfirleitt er það bara einn sem hringir og sá sem að hringir er sá sem að vill fá okkur og hinn vill væntanlega ekkert með okkur hafa ... Yfirleitt er það þannig að gerandinn vill ekki hafa okkur en fórnarlambið vill endilega hafa okkur ...*

## Aðstæður á vettvangi

Í þessum kafla er fjallað um aðstæður á vettvangi í þeim heimilisofbeldismálum sem lögregla fékk upplýsingar um. Hafa ber í huga að lögregla fór ekki á vettvang í öllum tilvikum og því er fjöldi mála hér annar en í fyrri hluta skýrslunnar.

Í þeim tilvikum þar sem lögregla var kölluð á vettvang var aðgengi hennar almennt gott. Þannig kemur fram að í 98 prósentum tilvika var lögreglu hleypt inn án frekari vandræða er hún kom á vettvang. Í einu prósenti tilvika (10 málum) varð lögreglan hins vegar að hafa aðeins fyrir því að komast inn á heimilið þar sem atvikið átti sér stað. Í fjórum málum (0,5% tilvika) varð lögreglan að brjóta sér leið inn en í tveimur var henni ekki hleypt inn en taldi í framhaldinu ekki ástæðu til að aðhafast frekar (sjá töflu v8 í viðauka).



**Mynd 16.** Heimilisofbeldismál sem tilkynnt voru til lögreglu árin 2006 og 2007, greind eftir ástandi þolenda og gerenda.

Eins og fram kemur á mynd 16 var ástand þolenda og gerenda á vettvangi nokkuð ólíkt. Þannig var mikill meirihluti þolenda allsgáður er atvik átti sér

stað en að sama skapi var 51 prósent gerenda undir áhrifum áfengis eða annarra efna. Í flestum tilvikum var um ölvun að ræða (43%). Þegar ástand er skoðað eftir því hvort um var að ræða ofbeldi eða ágreining kemur í ljós að þolendur voru líklegri til að vera ölvaðir þegar um ofbeldi var að ræða en ágreining og hið sama á við um gerendur. Þó ber að athuga að upplýsingar um ástand vantaði hjá fjórðungi gerenda og fimmtungi þolenda sem getur haft áhrif á niðurstöður. Það er einnig athyglisvert að samkvæmt þessu lá ástand þolanda oftast fyrir í skýrslu eða bókun en ástand gerenda (sjá töflur v9 og v10 í viðauka).

Í rannsókninni var einnig leitast við að kanna hvort fram kæmu upplýsingar um geðræn vandamál. Fram kom að 86 gerendur (8%) áttu að öllum líkindum við geðræn vandamál að stríða (sjá töflu v11 í viðauka). Undir geðræn vandamál féll t.d. þunglyndi og geðhvarfasýki.

## Aðrir á vettvangi

Skoðað var hve margir voru á vettvangi þegar atvik átti sér stað. Í 45 prósentum tilvika voru aðeins þolandi og gerandi á vettvangi, í 29 prósentum tilvika voru þrír einstaklingar á vettvangi og fjórir eða fleiri í 26 prósentum tilvika. Það voru því fleiri en tveir á vettvangi í meira en helmingi tilvika. Eins og fram kemur á töflu 14 var algengara að fleiri væru á vettvangi í ofbeldismálum en ágreiningsmálum. Þannig voru tveir á vettvangi í rúmlega 48 prósentum ágreiningsmála en 40 prósentum ofbeldismála.

**Tafla 14.** Fjöldi á vettvangi þegar atvik átti sér stað, greindur eftir tegund atviks.

|                 | Öll mál    | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|-----------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Tveir           | 410        | 44,5       | 40,1               | 48,3               |
| Þrír            | 270        | 29,3       | 29,6               | 29,0               |
| Fjórir          | 147        | 15,9       | 17,7               | 14,4               |
| Fimm eða fleiri | 95         | 10,3       | 12,6               | 8,3                |
| <b>Alls</b>     | <b>922</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=429)</b> | <b>100 (N=493)</b> |



Fram kemur að í 388 tilvikum var a.m.k. eitt barn á vettvangi (þ.e. undir 18 ára aldri) þegar atvik átti sér stað, eða í 39 prósentum mála. Í þeim tilvikum þar sem upplýsingar um fjölda lágu fyrir var yfirleitt um eitt barn að ræða, eða í 60 prósentum tilvika en í þriðjungi tilvika voru tvö börn á vettvangi og í 11 prósentum tilvika þrjú eða fleiri (sjá töflu v12 í viðauka). Í 71 prósentí málanna (þ.e. af þeim 388 málum sem fjallað er um hér) var barnið eða börnin á vettvangi en hvorki skilgreind sem gerendur né þolendur. Hins vegar var um að ræða 88 þolendur undir 18 ára aldri (í 77 málum) og 60 gerendur (í 53 málum). Í 17 málum var bæði þolandi og gerandi undir 18 ára aldri. Í 11 prósentum heimilisofbeldismála (eða í 113 málum) var því a.m.k. eitt barn á vettvangi gerandi og/eða þolandi í málinu.


## Áverkar og tegund ofbeldis

Í rannsókninni var leitast við að afla upplýsinga um það hvort um var að ræða andlegt, líkamlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi eftir því sem kom fram í skýrslu eða dagbókarfærslu. Oft getur verið erfitt að meta þetta enda byggjast upplýsingarnar á mati lögreglumanna á vettvangi en ekki nákvæmri athugun heilbrigðisstarfsmanna eða annarra á ástandi þolanda. Þær upplýsingar sem lesa má úr upplýsingum lögreglu geta þó gefið vísbendingar um hvers eðlis ofbeldið var og ástand þolanda þegar lögregla kom á vettvang eða átti í samskiptum við þolendur eða gerendur. Á mynd 17 sést hlutfall þolenda sem urðu fyrir mismunandi tegund ofbeldis. Hafa ber í huga að þolendur gátu orðið fyrir meira en einni tegund ofbeldis og skýrir það hátt hlutfall þolenda í öllum tegundum.

Þegar fjallað er um andlegt ofbeldi þá er átt við allt frá svívirðingum til alvarlegra líflátshótana. Alls urðu 53 prósent þolenda fyrir einhvers konar andlegu ofbeldi. Andlegt ofbeldi var þó algengara í ágreiningsmálum en ofbeldismálum en þolandi varð fyrir slíku ofbeldi í 60 prósentum ágreiningsmála en 44 prósentum ofbeldismálanna. Öll atvik þar sem tilraun

var gerð til að beita ofbeldi og allt til alvarlegra ofbeldisverka flokkuðust sem líkamlegt ofbeldi. Eins og sjá má á mynd 17 urðu 64 prósent þolenda fyrir einhvers konar líkamlegu ofbeldi. Slíkt ofbeldi var algengara í ofbeldismálum en ágreiningsmálum, eða í 82 prósentum ofbeldismála og 48 prósentum ágreiningsmála. Eins og fram kemur á mynd 17 þá voru afar fá tilvik sem skilgreind voru sem kynferðislegt ofbeldi (þ.e. allt frá tilraunum til alvarlegra kynferðisbrota). Í heild urðu 12 þolendur fyrir kynferðisofbeldi, eða eitt prósent þeirra, þar af var gerð tilraun til slíks ofbeldis í fjórum tilvikum og því beitt í átta tilvikum.

Á mynd 17 sést einnig hlutfall þeirra þolenda sem ógnað var með vopni eða því var beitt gegn. Fram kemur að 12 prósent þolanda var ógnað með vopni eða því beitt gegn þeim.



**Mynd 17.** Hlutfall þolenda heimilisofbeldis eftir því hvers konar ofbeldi þeir voru beittir.

Ef litið er nánar til hinna ólíku tegunda ofbeldis sem þolendur urðu fyrir má sjá að 679 þolendur höfðu verið beittir andlegu ofbeldi eða 53 prósent þolenda (sjá töflu 15). Í þeim tilvikum þar sem um andlegt ofbeldi var að ræða var í átta prósentum tilvika um að ræða þvingun eða umsátur, þó yfirleitt


umsátur (t.d. þegar gerandi læsti þolandi inni eða sat í bíl fyrir utan heimili þolanda). Í 67 prósentum tilvika um að ræða móðgun eða *dulda* hótun (dæmi um dulda hótun er *hvar ertu?* þ.e. eitthvað sem þolandi upplifir sem hótun þó að það hljómi ekki þannig í eyrum annarra). Þar af var um að ræða einhvers konar móðgun eða svívirðingu í 61 prósentu tilvikanna (sjá töflu v13 í viðauka). Í 13 prósentum tilvika var um að ræða alvarlega hótun eða líflátshótun og í 12 prósentum tilvika hótun um meiðsl, ógnun eða kúgun. Hafa ber í huga að erfitt var fyrir rannsakendur að meta alvarleika andlega ofbeldisins. Til dæmis getur þolandi sem hefur orðið fyrir langvarandi ofbeldi upplifað það að gerandi gangi framhjá húsi hans sem mjög ógnandi hegðun.

**Tafla 15.** Tegund andlegs ofbeldis sem þolendur urðu fyrir, greind eftir tegund heimilisófriðar.

|                                   | Alls       | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|-----------------------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Þvingun, umsátur                  | 54         | 8,0        | 11,4               | 5,8                |
| Svívirðing eða <i>dulin</i> hótun | 455        | 67,0       | 50,4               | 77,6               |
| Hótun um meiðsl, ógnun, kúgun     | 81         | 11,9       | 14,0               | 10,6               |
| Alvarleg hótun/líflátshótun       | 89         | 13,1       | 24,2               | 6,0                |
| <b>Alls</b>                       | <b>679</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=264)</b> | <b>100 (N=415)</b> |

Alls var líkamlegu ofbeldi beitt eða reynt að beita því gegn 818 þolendum (sjá töflu v14 í viðauka). Í flestum tilvikum var um minniháttar ofbeldi að ræða en þá er átt við atvik þar sem þolanda var t.d. hrint, hann sleginn með flötum lófa eða klóraður. Í 37 prósentum tilvika var um meiriháttar ofbeldi að ræða, til dæmis var sparkað í þolanda, hann kýldur, bitinn eða tekinn kverkatak. Þá urðu 13 prósent þolenda fyrir stórfelldu ofbeldi en þar undir féllu t.d. allar árásir á höfuð. Í átta prósentum tilvika var um að ræða tilraun til líkamlegs ofbeldis, t.d. þegar þolandi reyndi að sparka eða kýla í þolanda en þolandi náði að víkja sér undan. Á mynd 18 sést nánar tegund líkamlegs ofbeldis. Fram kemur að í ofbeldismálunum varð stærstur hluti þolenda fyrir ofbeldi

sem flokkað var sem árás (43%), en í ágreiningsmálum fyrir ofbeldi sem flokkað var sem minniháttar líkamlegt ofbeldi (57%).



**Mynd 18.** Tegund líkamlegs ofbeldis (alvarlegasta ofbeldið gildir) sem þolendur urðu fyrir, greind eftir tegund heimilisofbeldis.

Í tæplega 13 prósentum mála var einhvers konar vopn til staðar, þar af var vopni veitt í sjö prósentum mála. Í töflu v15 í viðauka fást nánari upplýsingar um þau tilvik þar sem ógnað var með vopni eða því beitt. Fram kemur að oftast var um að ræða eggvopn (76 slík vopn). Þá var í 58 skipti um einhvers konar önnur vopn að ræða en þar undir gat fallið allt frá glerflösku til sígarettuglóðar. Þá var borðbúnaði eða húsgögnum beitt eða þau notuð til að ógna með 18 sinnum og barefli í átta tilvikum. Eggvopni var beitt í 22 prósentum tilvika, ógnað var með því í 74 prósentum tilvika en í fjórum prósentum tilvika vantaði upplýsingar um notkun.

Í töflu 16 sést hlutfall þolenda sem hlutu áverka vegna heimilisofbeldis og alvarleiki þeirra. Fram kemur að í 65 prósentum tilvika hlutu þolendur enga áverka og í fimmtungi tilvika minniháttar áverka (t.d. marbletti og skrámur). Í 10 prósentum tilvika var um að ræða meiriháttar áverka (stærri marbletti, bólgur o.s.frv.) og í fimm prósentum tilvikanna stórfellda áverka (þ.e. áverka á andliti, skurði eða beinbrot). Þegar munur milli ofbeldis og ágreinings er

skoðaður kemur í ljós að í rúmlega 82 prósentum ágreiningsmála voru engir áverkar en í rúmlega 44 prósentum ofbeldismála. Í 56 prósentum ofbeldismálanna var hins vegar um að ræða einhvers konar áverka. Tegund áverka átti ekki við í þremur prósentum tilvika því þá var um að ræða andlegt ofbeldi, tilraun til líkamlegs ofbeldis og/eða tilvik þar sem gerandi ógnaði þolanda með vopni.

**Tafla 16.** Tegund áverka sem þolendur hlutu, greind eftir tegund ofbeldis.


|                     | Alls         | %          | Ofbeld %i          | Ágreiningur %      |
|---------------------|--------------|------------|--------------------|--------------------|
| Engir áverkar       | 766          | 64,7       | 44,3               | 82,4               |
| Minniháttar áverkar | 235          | 19,8       | 29,3               | 11,7               |
| Meiriháttar áverkar | 122          | 10,3       | 18,2               | 3,5                |
| Stórfelldir áverkar | 61           | 5,2        | 8,2                | 2,5                |
| <b>Alls</b>         | <b>1.184</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=549)</b> | <b>100 (N=635)</b> |

## Alvarleiki

Til að skoða betur alvarleika tilvikanna var útbúinn alvarleikaskali. Byggðist hann á tegund ofbeldis sem þolandi var beittur og hvort vopn var til staðar eða ekki. Andlegt ofbeldi fékk einn alvarleikapunkt sama hversu alvarlegt það var. Líkamlegt ofbeldi fékk einn punkt ef um var að ræða tilraun eða minniháttar ofbeldi og tvo punkta ef um var að ræða meiriháttar ofbeldi. Ef gerð var tilraun til að beita vopni gegn þolanda fékk það einn punkt en ef því var beitt var það metið sem tveir punktar. Þá fékk allt kynferðislegt ofbeldi tvo alvarleikapunkta. Alvarleikaskalinn byggðist svo á heildarfjölda alvarleikapunkta og gat alvarleiki verið mest sjö punktar. Í töflu 17 má sjá nánar hvernig ofbeldið skiptist í stig alvarleika. Í 34 tilvikum var alvarleiki núll því upplýsingar um tegund ofbeldis vantaði en yfirleitt voru þau mál ágreiningsmál. Þau mál verða ekki með í umfjöllun um alvarleika.


**Tafla 17.** Stig alvarleika, flokkun.

| Andlegt:                        | Kynferðislegt:                        |
|---------------------------------|---------------------------------------|
| 0=ekkert                        | 0=ekkert                              |
| 1=andlegt                       | 2=kynferðisofbeldi, tilraun eða beitt |
| Líkamlegt:                      | Vopnanotkun:                          |
| 0=ekkert                        | 0=ekkert                              |
| 1=tilraun eða minniháttar (1-4) | 1=ógnað (1-3)                         |
| 2=árásir eða meira (5-8)        | 2=beitt (4-6)                         |




**Mynd 19.** Alvarleiki ofbeldis greindur eftir tegund atviks.

Á mynd 19 má sjá alvarleikastigin sjö eftir því hvort um var að ræða ofbeldis- eða ágreiningsmál. Sjá má að langstærsti hluti ágreiningsmálanna var á stigi eitt í alvarleika, eða 70 prósent. Hins vegar voru flest ofbeldismálin á alvarleikastigi tvö, eða 37 prósent þeirra tilvika. Hafa ber í huga að skalinn nær ekki fullkomlega utan um alvarleika þar sem rannsakendur gátu ekki metið alvarleika andlega ofbeldisins (of huglægt mat) og það því alltaf skráð með einn alvarleikapunkt. Þá virðist lögregla hafa skráð nokkur mál sem ágreiningsmál þrátt fyrir að þau væru mjög alvarleg. Þetta telst þó til undantekninga en um sjö prósent ágreiningsmála voru með 3. stigs alvarleika eða meira en þriðjungur ofbeldismála.



**Mynd 20.** Alvarleiki heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greindur eftir tíma sólarhrings.



**Mynd 21.** Alvarleiki heimilisofbeldis sem tilkynnt var til lögreglu 2006 og 2007, greindur eftir vikudegi.

Þegar öll tilvikin eru skoðuð má sjá að ekki eru tengsl á milli alvarleika tilvika og tímasetningar þeirra þ.e. þau eru ekki alvarlegri á einum tíma en öðrum (mynd 20). Hins vegar voru tengsl á milli dagsetningar atviks og alvarleika að því leyti að atvik virtust oftast ívið alvarlegri á fimmtudögum en hina dagana (mynd 21 og tafla v16 í viðauka).

Athygli vekur að alvarleiki heimilisofbeldis er nokkuð breytilegur milli embætta sem gæti vísað til þess að í sumum embættum séu

heimilisofbeldismál sem ekki eru talin alvarleg síður skráð í málaskrárkerfi lögreglu. Þó er ekki hægt að alhæfa um slíkt því í flestum embættanna eru málín undir 20 talsins í gagnasafninu.

Áhugavert er að skoða tengsl alvarleika heimilisofbeldis og aldurs þolenda (sjá töflu v17). Fram kemur að ofbeldið er jafnan alvarlegast hjá þolendum í aldurshópunum 18 til 34 ára (19% urðu fyrir ofbeldi sem flokkað var sem alvarleiki 3 eða hærra) og 35 til 51 árs (22% urðu fyrir ofbeldi sem flokkað var sem alvarleiki 3 eða meira). Þá kemur fram á töflu v18 í viðauka að meðal kvenþolanda er alvarleiki í 20 prósentum tilvika á stigi 3 eða meira, en meðal karlþolanda er alvarleiki í 12 prósentum tilvika svo mikill.

Í töflu 18 má sjá að alvarleiki var mestur þar sem gerandi var fyrrverandi maki. Í þeim tilvikum var alvarleiki í 23 prósentum tilvika stig 3 eða meira en hlutfallið undir 18 prósentum þegar um önnur tengsl var að ræða.

**Tafla 18.** Hlutfallsleg dreifing alvarleika heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greind eftir tegund tengsla.

|                  | Stig 1      | Stig 2      | Stig 3      | Stig 4     | Stig 5     | Stig 6     | Stig 7     |
|------------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|------------|------------|
| Maki             | 49,0        | 33,3        | 12,7        | 2,7        | 1,9        | 0          | 0,4        |
| Fyrrverandi maki | 56,1        | 20,7        | 16,3        | 4,1        | 2,4        | 0          | 0,3        |
| Annað            | 55,4        | 30,4        | 10,7        | 1,8        | 1,8        | 0          | 0,0        |
| Fjölskyldutengsl | 53,1        | 31,9        | 11,3        | 1,8        | 1,8        | 0          | 0,0        |
| <b>Alls</b>      | <b>52,2</b> | <b>29,7</b> | <b>13,1</b> | <b>2,7</b> | <b>2,0</b> | <b>0,0</b> | <b>0,2</b> |

Þegar tengsl alvarleika og afgreiðslu lögreglu gagnvart þolanda eru skoðuð kemur í ljós að í þeim tilvikum þar sem lögregla kom á vettvang þegar atvik átti sér stað þá voru tengsl milli þess hvernig málið var afgreitt og alvarleika þess. Þannig má sjá að í þeim tilvikum þar sem ekkert var aðhafst eða málin voru leyst á vettvangi þá voru hlutfallslega flest atvikin flokkuð undir alvarleika eitt eða tvö. Hins vegar voru tæplega 37 prósent tilvika þar sem um formlegt inngrip var að ræða (til dæmis farið með þolanda á slysadeild eða í

kvennaathvarf) með alvarleika þrjú eða meira (sjá töflu 19). Ástæðan fyrir því að gerendur voru í nokkrum tilvikum handteknir er sú að stundum var ekki ljóst hvor var þolandi og hvor gerandi á vettvangi og voru þá báðir aðilar skráðir sem þolendur og gerendur í gagnagrunn rannsóknarinnar.

**Tafla 19.** Hlutfallsleg dreifing á alvarleika heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greind eftir afgreiðslu lögreglu gagnvart þolanda á vettvangi.

|                                     | Stig 1      | Stig 2      | Stig 3      | Stig 4     | Stig 5     | Stig 6     | Stig 7     |
|-------------------------------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|------------|------------|
| Ekkert formlegt aðhafst, þol. eftir | 63,8        | 24,3        | 8,8         | 1,5        | 1,3        | 0,0        | 0,2        |
| Þol. fer af ofbeldisvettvangi       | 48,3        | 32,3        | 16,0        | 2,1        | 1,0        | 0,0        | 0,3        |
| Formlegt inngrip/íhlutun            | 23,2        | 40,1        | 23,2        | 8,5        | 4,5        | 0,0        | 0,6        |
| Þol. handtekinn                     | 45,5        | 40,9        | 9,1         | 0,0        | 4,5        | 0,0        | 0,0        |
| <b>Alls</b>                         | <b>52,7</b> | <b>29,6</b> | <b>12,7</b> | <b>2,8</b> | <b>1,9</b> | <b>0,0</b> | <b>0,2</b> |

Eins og fram hefur komið var algengara að karlar væru gerendur í málum sem bárust lögreglu en konur. Þegar hins vegar litið er til hlutfalls alvarleika meðal annars vegar karlgerenda og hins vegar kvengerenda má sjá að meira en helmingur mála þar sem um var að ræða kvengerendur var alvarleikinn metinn á stigi 1 en rétt undir helmingur tilfella þar sem karlar voru gerendur. Hins vegar ef litið er til kyns gerenda þar sem alvarleiki máls var mjög mikill, þ.e. 4 stigs alvarleiki eða meira, er ekki munur á hlutfalli hvort sem er í hópi grunaðra karla eða kvenna í málinu (sjá töflu 20).

**Tafla 20.** Hlutfallsleg dreifing alvarleika heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greind eftir kyni geranda.

|             | Stig 1 | Stig 2 | Stig 3 | Stig 4 | Stig 5 | Stig 6 | Stig 7 |
|-------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Kvengerandi | 51,3   | 31,3   | 11,3   | 3,9    | 2,2    | 0,0    | 0,0    |
| Karlgerandi | 46,8   | 31,1   | 15,9   | 3,5    | 2,3    | 0,0    | 0,3    |

Ekki er sjáanlegur munur á aldri geranda eftir alvarleika mála. Þó var alvarleikastig fjögur eða meira hjá níu prósentum geranda á aldrinum 35-51 árs og sjö prósentum meðal geranda á aldrinum 18-34 ára.



Fram kemur að tengsl eru á milli alvarleika heimilisofbeldis og ástands geranda. Þannig var alvarleiki að jafnaði minni þegar gerandi var talinn allsgáður en þegar gerandi var talinn undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Alvarleiki var að jafnaði mestur þegar gerandi var talinn vera undir áhrifum bæði áfengis og fíkniefna eða lyfja.

Athyglisvert er að þegar aðgerðir lögreglu á vettvangi áttu ekki við var alvarleiki atviks mestur (sjá töflu 21). Ástæðuna má sjá á töflu 22. Þegar alvarleiki var hvað mestur kom þolandi eða hringdi niður á lögreglustöð oft einhverju eftir atvikið til að fá bókað, þ.e. lögregla var ekki kölluð út og gat því ekki brugðist við þessum tilvikum á vettvangi (sjá nánari umfjöllun í kafla 6).

**Tafla 21.** Hlutfallsleg dreifing alvarleika heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greind eftir aðgerðum lögreglu gagnvart geranda á vettvangi.

|                                      | Stig 1      | Stig 2      | Stig 3      | Stig 4     | Stig 5     | Stig 6     | Stig 7     |
|--------------------------------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|------------|------------|
| Gerandi verður eftir, ekkert aðhafst | 55,9        | 31,7        | 9,8         | 1,3        | 1,3        | 0,0        | 0,0        |
| Fer eða farinn af ofbeldisvettvangi  | 47,9        | 31,3        | 15,0        | 3,7        | 2,1        | 0,0        | 0,0        |
| Stofnun                              | 33,3        | 33,3        | 26,7        | 6,7        | 0,0        | 0,0        | 0,0        |
| Gerandi handtekinn                   | 36,9        | 29,6        | 21,8        | 6,7        | 3,4        | 0,0        | 1,7        |
| <b>Alls</b>                          | <b>48,1</b> | <b>31,0</b> | <b>14,8</b> | <b>3,5</b> | <b>2,3</b> | <b>0,0</b> | <b>0,3</b> |

**Tafla 22.** Hlutfallsleg dreifing heimilisofbeldismála 2006 og 2007, greind eftir því hvernig lögreglu varð kunnugt um ofbeldið (mesti alvarleikinn í máli).

|                                    | Stig 1      | Stig 2      | Stig 3      | Stig 4     | Stig 5     | Stig 6     | Stig 7     |
|------------------------------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|------------|------------|
| Lögregla kölluð út                 | 48,4        | 31,2        | 15,0        | 3,3        | 1,8        | 0,0        | 0,2        |
| Þol. kom/hringdi á lögr.stöð       | 42,9        | 26,5        | 16,3        | 5,1        | 8,2        | 0,0        | 1,0        |
| Ósk um lögreglu niður á SLD        | 0,0         | 50,0        | 50,0        | 0,0        | 0,0        | 0,0        | 0,0        |
| Lögr. kemur að eða myndavélar      | 75,0        | 25,0        | 0,0         | 0,0        | 0,0        | 0,0        | 0,0        |
| Vitni kom og tilkynnti á lögr.stöð | 54,5        | 36,4        | 9,1         | 0,0        | 0,0        | 0,0        | 0,0        |
| Útkall afturkallað                 | 66,7        | 33,3        | 0,0         | 0,0        | 0,0        | 0,0        | 0,0        |
| <b>Alls</b>                        | <b>48,3</b> | <b>30,7</b> | <b>15,0</b> | <b>3,3</b> | <b>2,4</b> | <b>0,0</b> | <b>0,3</b> |





*Aðstæður inni á heimili þar sem ofbeldi eða hótunum hefur verið beitt geta verið mjög erfiðar. Þetta kemur skýrt fram í rannsókn á upplifun lögreglumanna af heimilisofbeldi (Sonja Einarsdóttir, 2009). Viðmælendur hennar tala um að þegar þeir komi á vettvang ríki oft mikil upplausn, annar eða báðir aðilar eru með áverka, innanstokksmunir hafa verið skemmdir og ýmislegt særandi verið sagt. Ástandið getur því oft verið mjög alvarlegt, sérstaklega þegar börn eiga í hlut.*

*Dagný sagði til að mynda að henni þætti nóturlegt að koma inn á heimili þar sem allt væri í rúst og „fólk er bara í klessu“ eins og hún orðaði það. Sérstaklega í þeim tilvikum þar sem börn eiga í hlut.*

*Vegna þess hve aðstæður eru oft erfiðar á vettvangi sögðust viðmælendur Sonju stundum eiga erfitt með að átta sig á aðstæðunum, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem hvorki þolandi né gerandi vilja ræða við þá eða þegar ásakanir fljúga milli einstaklinga og menn ljúga jafnvel til að fegra hlutdeild sína í atviki.*

*Einn viðmælenda hennar lýsti þessu þannig: ... og svo fer maður að spyrja fólk hvað gerðist og þá koma sko tvær ólíkar sögur og þar er kannski ekki alltaf sannleikurinn sem liggur í sögunni ... út af því að tvær persónur hafa mismunandi skoðanir á atburðarásinni ... og fólk vill heldur ekki segja manni hvað varð til þess að þetta gerðist.*

## Afgreiðsla lögreglu á vettvangi

Hér er fjallað um afgreiðslu lögreglu á vettvangi í þeim tilvikum þar sem hún var kölluð til. Lögregla hafði samskipti við 85 prósent þolenda á vettvangi og 73 prósent gerenda (sjá töflu v19 í viðauka). Ein helsta ástæða þess að ekki voru höfð samskipti við gerenda var sú að hann var farinn af vettvangi þegar lögregla kom. Þá var helsta ástæða þess að þolandi hafði ekki samskipti við lögreglu á vettvangi sú að lögregla fór ekki á vettvang m.a. vegna þess að þolandi vildi aðeins fá atvikið bókað eða að atburðurinn var tilkynntur til lögreglu löngu eftir að hann átti sér stað.

Í töflu 23 má sjá afgreiðslu lögreglu gagnvart þolanda á vettvangi. Algengast var að þolandi yrði eftir heima og að lögregla aðhefðist ekkert formlega gagnvart honum (54% þolenda). Hafa ber í huga að þó svo að lögregla aðhefðist ekkert gagnvart þolanda þá átti slíkt hið sama ekki endilega við um gerenda. Þá fór þolandi af ofbeldisvettvangi í 27 prósentum tilvika (t.d. til fjölskyldu eða vina) og þessu til viðbótar var um að ræða formlega íhlutun af hálfu lögreglu í 17 prósentum tilvika (sem oftast fól í sér að þolandi fór af vettvangi). Formleg íhlutun lögreglu fólst oftast í því að aðstoða þolanda á slysadeild (13%), á kvennaathvarf (3%) eða barnaverndarnefnd kölluð á vettvang (1%). Þegar afgreiðsla lögreglu er skoðuð eftir því hvort um ofbeldi eða ágreining var að ræða þá má sjá að algengara var að ekkert væri aðhafst gagnvart þolendum í ágreiningsmálum, eða 65 prósentum þeirra, en í 42 prósentum ofbeldismálanna. Þá var mun algengara að lögreglan brygðist við með formlegri íhlutun í ofbeldis- en ágreiningsmálum, eða 27 prósentum ofbeldismála en átta prósentum ágreiningsmála.

Athyglisvert er að skoða afgreiðslu lögreglu á vettvangi gagnvart gerendum. Eins og sjá má á töflu 24 varð gerandi í 40 prósentum tilvika eftir á vettvangi, þ.e. ekkert var í raun aðhafst gagnvart honum. Rétt meira en þriðjungur gerenda fór sjálfviljugur eða var farinn af ofbeldisvettvangi þegar

lögregla kom á vettvang. Þá voru 20 prósent gerenda handteknir. Í fæstum tilvikum var um formlega íhlutun að ræða af hálfu lögreglu (í 6,5% mála), en hún fólst oftast í því að farið var með geranda á slysadeild eða í Kvennaathvarfið (ástæða þess að farið var með gerendur í Kvennaathvarfið var oftast sú að um var að ræða atvik þar sem ekki var alveg ljóst hvor aðilinn var þolandi eða gerandi í máli og því báðir aðilar skilgreindir sem þolendur og gerendur í rannsókninni). Áhugavert er að skoða þetta eftir því hvort um var að ræða ofbeldi eða ágreining. Í ofbeldismálum varð gerandi síður eftir á vettvangi en í ágreiningsmálum, eða 30 prósentum ofbeldismála og 48 prósentum ágreiningsmála. Þá var mun algengara að gerandi væri handtekinn í ofbeldismáli (28% tilvika) en ágreiningsmáli (13% tilvika).

**Tafla 23.** Afgreiðsla lögreglu gagnvart þolanda á vettvangi, greind eftir tegund atviks.

|                          | Alls         | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|--------------------------|--------------|------------|--------------------|--------------------|
| Ekkert aðhafst           | 609          | 54,4       | 42,2               | 64,8               |
| Fer af ofbeldisvettvangi | 301          | 26,9       | 28,4               | 25,5               |
| Formleg íhlutun          | 188          | 16,8       | 26,7               | 8,3                |
| Handtekinn               | 22           | 2,0        | 2,7                | 1,3                |
| <b>Alls</b>              | <b>1.120</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=517)</b> | <b>100 (N=603)</b> |

**Tafla 24.** Afgreiðsla lögreglu gagnvart gerenda á vettvangi, greind eftir tegund atviks.

|                                             | Alls       | %          | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      |
|---------------------------------------------|------------|------------|--------------------|--------------------|
| Gerandi verður eftir, engin formleg íhlutun | 385        | 39,7       | 29,6               | 47,6               |
| Fer eða farinn af ofbeldisvettvangi         | 330        | 34,1       | 34,8               | 33,5               |
| Gerandi handtekinn                          | 191        | 19,7       | 27,9               | 13,4               |
| Formleg íhlutun                             | 63         | 6,5        | 7,8                | 5,5                |
| <b>Alls</b>                                 | <b>969</b> | <b>100</b> | <b>100 (N=423)</b> | <b>100 (N=546)</b> |

*Sonja Einarsdóttir (2009) bendir á í rannsókn sinni að flestir viðmælenda hennar litu svo á að fyrsta verkefni þeirra á vettvangi væri að stilla til friðar enda oft takmarkað hvað þeir geti gert. Sumir viðmælenda hennar líta svo á að aðeins málsaðilar geti leyst úr sínum málum en aðrir benda á að lögregla hafi einnig takmörkuð úrræði til að gera meira en að stilla til friðar. Þannig sagði einn viðmælenda hennar „...við erum bara í tímabundum aðgerðum, eitthvað bara að sjattla málin ... Það er bara svo takmarkað sem maður getur gert á vettvangi ...“*

*Að mati lögreglumannanna á þetta sérstaklega við um tilvik þar sem áverkar eru ekki það miklir eða aðstæður það alvarlegar að það réttlæti viðbrögð eins og handtökur. Vegna þessa upplifa þeir sig oft hálfúrræðalausar gagnvart aðstæðum, sérstaklega þegar þeir eru að koma inn á sama heimilið aftur og aftur.*

*Erna sagðist oft finna fyrir leiða þegar hún væri búin að reyna allt til að hjálpa en þolandi vildi ekki gera neitt en hringdi síðan alltaf aftur þegar aðstæður væri orðnar slæmar. Aðrir viðmælendur komu einnig inn á þetta og sagði Daníel til dæmis að oft finndist honum aðstoð lögreglu svo tilgangslaus þar sem þegar á reyndi virtust þolendur ekki nýta sér þá aðstoð sem í boði er.*

## Umræða

Í þessari rannsókn voru skoðuð nánar 993 af því 2.281 heimilisofbeldismáli sem tilkynnt var til lögreglu á árunum 2006 og 2007. Hafa ber í huga að ekki eru öll heimilisofbeldismál tilkynnt til lögreglu og því líklegt að þau séu mun fleiri en sem nemur fjölda tilkynnta brota. Þannig sýndi rannsókn frá árinu 1996 að tæplega þriðjungur þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir heimilisofbeldi höfðu tilkynnt það til lögreglu (Dómsmálaráðuneytið, 1997) en sambærileg rannsókn frá árinu 2009 sýnir að aðeins 13 prósent þeirra sem höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi tilkynntu það til lögreglu (Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2009).

Flest heimilisofbeldismál sem tilkynnt eru til lögreglu eru skráð á höfuðborgarsvæðinu eða 76 prósent ofbeldismála og 81 prósent ágreiningsmála. Dreifing annarra ofbeldisbrota er ekki með sama hætti, þ.e. hlutfall ofbeldisbrota sem eiga sér stað á höfuðborgarsvæðinu er ekki jafn hátt þegar t.d. líkamsárásir eru skoðaðar. E.t.v. má túlka þessa niðurstöðu sem svo að heimilisofbeldismál séu frekar bókuð í málaskrárkerfi lögreglu á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar en einnig að slík mál séu frekar tilkynnt þar en á landsbyggðinni.

Þó svo að verklagsreglur ríkislögreglustjóra um skráningu heimilisofbeldis feli í sér að skrá skuli öll atvik þar sem um er að ræða ofbeldi milli skyldra og tengdra óháð vettvangi brots sem heimilisofbeldi þá eru nær öll heimilisofbeldisbrot sem skráð eru í málaskrárkerfi lögreglu á heimili eða einkalóð, eða í 92 prósentum tilvika. Athygli vekur að ágreiningur átti sér frekar stað á heimili eða einkalóð en ofbeldi en vera má að lögreglumenn túlki ágreiningsmál þrengra en ofbeldismál og flokki því ágreining milli skyldra og tengdra aðeins undir heimilisofbeldi ef hann á sér stað inni á heimili.



Flest heimilisofbeldismál eru tilkynnt um helgar (47%) en dreifing brota er nokkuð svipuð eftir mánuðum. Hins vegar vekur athygli að tími tilkynningar er ólíkur eftir vikudegi. Þannig eru flest ágreiningsmál tilkynnt seinnipart og á kvöldin á virkum dögum en eftir miðnætti og fram eftir nóttu um helgar. Þá áttu hlutfallslega flest ofbeldisbrot sér stað á kvöldin á virkum dögum en um helgar voru þau líklegri til að eiga sér stað að næturlagi.

## Polendur og gerendur

Alls komu 964 einstaklingar við sögu sem þolendur í þeim málum sem greind voru, samanlagt í 1.140 skipti. Hlutfallslega flestir þolendur voru konur eða 70 prósent og var meðalaldur þolenda 35 ár. Gerendur voru hins vegar 787 og komu þeir við sögu í 950 tilvikum. Hlutfallslega flestir gerendur voru karlmenn eða 76 prósent og var meðalaldur gerenda 35 ár.

Kann það að koma einhverjum á óvart hve hátt hlutfall þolenda voru þó karlar og að fjórðungur gerenda voru kvenmenn. Hafa ber í huga í fyrsta lagi að þó að algengast væri að ofbeldi væri beitt gegn maka (43%) eða fyrrverandi maka (24%), voru ýmis önnur fjölskyldutengsl milli þolenda og gerenda. Til að mynda var í 28 prósentum tilvika um að ræða önnur fjölskyldutengsl eins og foreldri sem beitti barn ofbeldi eða öfugt, eða ofbeldi milli systkina. Í öðru lagi gat rannsakandi í 10 prósentum tilvika ekki greint ofbeldið í eina átt, þ.e. einhliða ofbeldi gerenda gagnvart þolanda, þar sem aðilar voru missaga eða ofbeldi var beitt af báðum aðilum. Kom þetta mynstur einnig fram í meistaraverkefni Sonju Einarsdóttur (2009) á upplifun lögreglumanna af heimilisofbeldi, þ.e. að viðmælendur nefndu að stundum væri erfitt að greina hver væri þolandi og gerandi á vettvangi þar sem þeir upplifðu að hver sem í hlut ætti segði aðeins hluta sögunnar og reyndi að fegra eigin þátt í atvikinu. Þannig má sjá að heimilisofbeldismál sem koma á borð lögreglu eru langt frá því að vera einföld eða einsleit mál. Þvert á móti eru þessi mál mismunandi og að mörgu leyti mjög flókin. Þriðji punkturinn



sem má nefna í framhaldi af þessu er að þó að í flestum tilvikum væri aðeins um að ræða einn þolanda (í 74% tilvika) og einn geranda (í 83% tilvika) var í fjórðungi mála um að ræða fleiri en einn þolanda og í 17% mála fleiri en einn geranda. Þetta sýnir hversu mikilvægt er að lögregla skoði gögn sín til að fá betri skilning á málum sem berast á borð hennar, og að gerð sé grein fyrir umfangi þessara mála.

Af þeim sem voru grunaðir um heimilisofbeldi voru aðeins rúmlega 36 prósent skráðir sem kærðir í málaskrárkerfi lögreglu. Í hinum tilvikunum var oft um að ræða að hinn grunaði var nefndur í skýrslutexta eða bókunartexta en skráður sem aukaaðili í málinu oft undir flokkinn annað. Mikilvægt er að lögregla vandi betur skráningu aukaaðila til að hún sé betur í stakk búin að fylgjast með ítrekunartíðni í þessum málum.

## Fjöldi afskipta

Flestir þolendur og gerendur komu aðeins fyrir í einu heimilisofbeldismáli á því tímabili sem rannsóknin nær yfir eða 87 prósent þolanda og rúmlega 86 prósent gerenda. Í þeim tilvikum þar sem um ítrekun var að ræða voru konur líklegri til að vera ítrekað þolendur í heimilisofbeldismáli og karlar voru frekar ítrekað gerendur.

Við yfirferð skýrslna og dagbókarfærslna kom fram í rúmlega 30 prósentum málanna að gerandi hafði áður beitt þolanda ofbeldi. Velta má því fyrir sér hvers vegna sú ítrekun heimilisofbeldis sem lesa má út úr skýrslum kemur ekki fram í málaskrárkerfi lögreglu, sérstaklega í ljósi þess að rannsóknir benda ítrekað til þess að heimilisofbeldi sé sjaldnast einstakt atvik heldur sé því betur lýst sem kúgunarferli sem á sér stað yfir lengri tíma (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Ein skýring gæti falist í vanköntum á skráningu af hálfu lögreglu en einnig má vera að þrátt fyrir ítrekað ofbeldi þá leiti þolendur heimilisofbeldis í fæstum tilvikum til lögreglu (sjá m.a. Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2007) auk þess sem traust til lögreglu og ánægja með afgreiðslu



hennar getur haft áhrif á líkur á því að þolandi leiti aftur til lögreglu (Johnson, 2007).

Þetta er nokkuð alvarlegt, einkum í ljósi þess að einstaklingar sem kærðir voru fyrir heimilisofbeldi áttu mörg önnur brot á sama tíma. Þannig voru einstaklingar sem kærðir voru fyrir heimilisofbeldi einnig kærðir fyrir 75 ofbeldisbrot árið 2006 og 100 árið 2007, þar af 57 líkamsárásir (217. gr.) árið 2006 og 74 árið 2007. Þetta þýðir að þeir gerendur sem fjallað er um í þessari rannsókn voru tæplega sex prósent allra þeirra sem kærðir voru fyrir ofbeldisbrot árið 2007. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir sem hafa bent til þess að þeir sem beita maka sinn ofbeldi séu líklegri en aðrir til að beita aðra utan fjölskyldunnar ofbeldi og að brjóta af sér með öðrum hætti (Etter og Birzer, 2007; Murrell, Christoff og Henning, 2007). Samband heimilisofbeldis og annarra afbrota er þó ekki einfalt því ekki er víst að sömu þættir skýri þetta tvennt (Moffitt, Kruger, Caspi og Fagan, 2000).

## Aðdragandi, kveikja og tilkynning atviks

Erfitt er að meta út frá gögnum lögreglu hver var aðdragandi eða kveikja að atviki því treysta þarf á lýsingu lögreglumanns og vitnisburð einstaklinga á vettvangi. Þetta mat er því alltaf mjög huglægt en getur þó gefið vísbendingar um eðli þeirra mála sem berast lögreglu. Við lestur skýrslna og dagbókarfærslna var í um helmingi tilvika hægt að lesa út úr málsgögnum hver forsaga atviks var. Fram kom að í 30 prósentum tilvika var um að ræða annars vegar skilnað eða sambandsslit og hins vegar ágreining milli fjölskyldumeðlima. Svipuð mynd kom fram hvort sem um var að ræða ágreining eða ofbeldi.

Áfengis- eða vímuefnaneysla var hluti af forsögu rúmlega 18 prósentu ofbeldismála og 12 prósentu ágreiningsmála en atvik flokkuðust þarna undir ef til að mynda var tekið sérstaklega fram að gerandi eða þolandi væri búinn



að vera í langvarandi neyslu. Eins og áður hefur komið fram er heimilisofbeldi oft tengt við áfengisneyslu (Marklung og Nilsson, 2008). Fæstir myndu þó ganga svo langt að segja að neyslan orsaki ofbeldið, en langvarandi neysla hjálpar hins vegar ekki til og getur leitt til þess að ofbeldið verði verra og langvinnara (sjá m.a. í Field og Caetano, 2004).

Í þessu sambandi vekur athygli að mikill meirihluti þolenda var allsgáður er atvik átti sér stað en að sama skapi var 51 prósent gerenda undir áhrifum áfengis eða annarra efna. Í flestum tilvikum var um ölvun að ræða (43%).

### Aðrir á vettvangi

Í nær helmingi tilvika voru aðeins þolandi og gerandi á vettvangi þegar heimilisofbeldið átti sér stað, í 29 prósentum tilvika voru þrír einstaklingar á vettvangi og í 26 prósentum tilvika voru þeir fjórir eða fleiri. Í 388 tilvikum var a.m.k. eitt barn á vettvangi (þ.e. undir 18 ára aldri) þegar atvik átti sér stað, eða í 39 prósentum mála. Í flestum tilvikum var barnið á vettvangi án þess að vera á beinan hátt þolandi eða gerandi, eða í 71 prósentu málanna. Í 29 prósentum mála voru börn hins vegar þolendur eða gerendur (þ.e. af þeim 388 málum þar sem barn var á vettvangi). Svo hátt hlutfall barna á vettvangi er áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þess að rannsóknir hafa bent til þess að þeir sem hafa orðið vitni að heimilisofbeldi eru líklegri en aðrir til að beita því sjálfir seinna meir (Murrell, Christoff og Henning, 2007).

### Áverkar og tegund ofbeldis

Þegar tegund ofbeldis er skoðuð kemur í ljós að alls urðu 53 prósent þolenda fyrir einhvers konar andlegu ofbeldi, 64 prósent urðu fyrir einhvers konar líkamlegu ofbeldi en hins vegar var um að ræða kynferðislegt ofbeldi í innan við einu prósentu málanna. Vera má að það skýrist að hluta til af því að kynferðisbrotamál séu almennt skráð sem kynferðisbrot í málaskrárkerfi



lögreglu en ekki einnig flokkuð sem heimilisofbeldismál. Þá kemur fram í rannsókninni að vopn kom við sögu heimilisofbeldis, þ.e. því beitt eða ógnað með því, gegn 12 prósentum þolanda. Eggvopn var algengasta vopnið, en yfirleitt var ógnað með því, eða í 74 prósentum tilvikanna.

Þrátt fyrir hátt hlutfall tilvika þar sem ofbeldi var beitt þá hlutu þolendur í 65 prósentum tilvika enga áverka og í fimmtungi tilvika minniháttar áverka (t.d. marbletti og skrámur). Í 10 prósentum tilvika var um að ræða meiriháttar áverka (stærri marbletti, bólgur o.s.frv.) og í fimm prósentum tilvikanna stórfellda áverka (þ.e. áverka á andliti, skurði eða beinbrot). Aðeins var hægt að meta sjáanlega áverka út frá skýrslutöku en meiðsl sem eru ekki sjáanleg eða geta birst seinna, eins og meiðsl í baki eða hálsi, koma ekki fram í rannsókn sem þessari.

Þegar alvarleikastig málanna er skoðað (miðað við tegund ofbeldis, áverka og hvort vopn var til staðar) þá kemur jafnframt í ljós að langstærsti hluti ágreiningsmálanna voru á stigi eitt í alvarleika, eða 70 prósent. Hins vegar voru flest ofbeldismálin á alvarleikastigi tvö, eða 37 prósent þeirra tilvika. Hafa ber í huga að skalinn nær ekki fullkomlega utan um alvarleika þar sem rannsakendur gátu ekki metið mismunandi alvarleika andlegs ofbeldis þar sem þar var um að ræða of huglægt mat, og það því alltaf skráð sem einn alvarleikapunktur.

Þegar öll tilvikin eru skoðuð má sjá að alvarleiki tilvikanna var ekki meiri á einum tíma en öðrum en hins vegar voru tengsl á milli dagsetningar atviks og alvarleika að því leyti að atvik virtust oftast ívið alvarlegri á fimmtudögum en hina dagana. Þá voru mál almennt alvarlegri þegar gerandi var karl en þegar gerandi var kona. Hins vegar voru mál alvarlegri gegn kvenþolendum en í þeim tilvikum þar sem þolandi var karl. Eins og fram kom í inngangi, á heimilisofbeldi sér ekki endilega stað milli maka því oft hefst það við skilnað eða verður alvarlegra þá (Hotton, 2001). Gögn lögreglu styðja þetta því fram kemur að alvarleiki var mestur þar sem gerandi var fyrrverandi maki.



Jafnframt kemur fram að tengsl eru á milli alvarleika heimilisofbeldis og ástands geranda. Þannig voru mál síður alvarleg þegar gerandi var talinn allsgáður en þegar gerandi var talinn undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Mál voru að jafnaði alvarlegust þegar gerandi var talinn vera undir áhrifum bæði áfengis og fíkniefna eða lyfja.

## Afgreiðsla lögreglu

Lögregla hafði samskipti við 85 prósent þolenda á vettvangi og 73 prósent gerenda. Þegar lögregla kom á vettvang var algengast að þolandi yrði eftir heima og að lögregla aðhefðist ekkert formlega gagnvart honum (54% þolenda). Þá fór þolandi af ofbeldisvettvangi í 27 prósentum tilvika (t.d. til fjölskyldu eða vina) og þessu til viðbótar var um að ræða formlega íhlutun af hálfu lögreglu í 17 prósentum tilvika (sem oftast fól í sér að þolandi fór af vettvangi t.d. á slysadeild eða í kvennaathvarf).

Í 40 prósentum tilvika varð gerandi eftir á vettvangi, þ.e. ekkert var í raun aðhafst gagnvart honum, en í sumum tilvikum sættust þolandi og gerandi og í sumum tilvikum fór þolandi af vettvangi. Rétt meira en þriðjungur gerenda fór sjálfviljugur eða var farinn af ofbeldisvettvangi þegar lögregla kom á vettvang. Þá voru 20 prósent gerenda handteknir.

Lögregla aðhafðist því ekki formlega gagnvart meirihluta þolenda (81%) og aðeins í fjórðungi tilvika gagnvart geranda. Erfitt er að meta hvort lögregla brást rétt við í þessum tilvikum, enda málin hér skoðuð sem heild en ekki úrlausn hvers og eins máls metin (sem væri svo sem efni í aðra rannsókn). Hins vegar, eins og fram hefur komið, eru þessi mál langt frá því að vera einföld úrlausnar. Í meirihluta málanna eru engir áverkar, en eins og fram kom í rannsókn Sonju Einarsdóttur (2009) fannst viðmælendum hennar erfitt að grípa til handtöku eða annarra aðgerða á vettvangi heimilisofbeldis þegar ekki var um neina sýnilega áverka að ræða. Þá kom fram í sömu rannsókn að



flestir lögreglumenn (þ.e. bæði karlkyns og kvenkyns) töldu aðalverkefni sitt í heimilisofbeldismálum að stilla til friðar á vettvangi heimilisofbeldis enda töldu þeir að lögregla hefði takmörkuð úrræði til úrlausnar þessara mála, sérstaklega í tilvikum sem réttlættu ekki handtöku.

Þegar á heildina er litið eru niðurstöður þessarar úttektar á tilkynningum um heimilisofbeldi til lögreglu að mestu í samræmi við fyrri rannsóknir á þessu sviði. Erfitt er að meta út frá þeim tíðni eða alvarleika heimilisofbeldis á Íslandi en hins vegar gefa þessar upplýsingar innsýn í veruleika þessara mála og afgreiðslu lögreglu á þeim.

Eitt af því sem fram kemur í þessari rannsókn er að huga þarf að skráningu heimilisofbeldismála. Þannig eru vísbendingar um að verklagsreglur um skráningu heimilisofbeldis séu ólíkar milli embætta því heimilisofbeldismál eru afar fá víða á landsbyggðinni og er hlutfallið mun lægra en ef litið er til annarra ofbeldisbrota. Mikilvægt er að ræða þetta opið og kanna mögulegar leiðir til úrbóta enda mikilvægt að lögregla geti haldið utan um þessi mál, ekki síst í ljósi þess að brotasaga gerenda í þessum málum er jafnan löng.

Tryggja þarf að þolendur og gerendur í heimilisofbeldismálum séu skráðir með skýrari hætti en nú er. Í flestum tilvikum eru þolendur og gerendur skráðir sem aukaaðilar þrátt fyrir að klárlega hafi verið um ofbeldisbrot að ræða. Skiljanlegt er að erfitt er fyrir lögreglumenn að skrá annan einstaklinginn sem kærðan. Hins vegar verður að tryggja að einstaklingur sé skráður sem mögulegur gerandi undir aukaaðilatengslum því annars er nær ógerlegt að taka upplýsingar úr málaskrárkerfi lögreglu um þennan málaflokk.

## Heimildir

*Almenn hegningarlög, 19/1940.*

Brottsförebyggande rådet. (2002). *Våld mot kvinnor i nära relationer: En kortlaggning*. Rapport 2002:14. Stokkhólmi: Brottsförebyggande rådet.

Capaldi, D.M., Shortt, J.W., Kim, H.K., Wilson J. o.fl. (2009). Official incidents of domestic violence: Types, injury, and associations with nonofficial couple aggression. *Violence and Victims*, 24(4), 502-520.

Department of Health. (2005). *Responding to domestic abuse: a handbook for health professionals* [rafræn útgáfa]. London: DH. Sótt 14. október 2009 af [http://www.dh.gov.uk/en/Publicationsandstatistics/Publications/PublicationsPolicyAndGuidance/DH\\_4126161](http://www.dh.gov.uk/en/Publicationsandstatistics/Publications/PublicationsPolicyAndGuidance/DH_4126161).

Dobash, R.E. og Dobash, R. (1978). *Violence against wives: A case against patriarchy*. New York: The free press.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík: Höfundur.

Etter, G.W. og Birzer, M.L. (2007). Domestic violence abusers: A descriptive study of the characteristics of defenders in protection from abuse orders in Sedgwick County, Kansas. *Journal of Family Violence*, 22, 113-119.

Fagan, J. og Wexler, S. (1987). Crime at home and in the streets: The relationship between family and stranger violence. *Violence and Victims*, 2(1), 5-23.



Field, C.A. og Caetano, R. (2004). Ethnic differences in intimate partner violence in the U.S. general population: The role of alcohol use and socioeconomic status. *Trauma, Violence & Abuse*, 5, 303-317.

Hamby, S.L. og Sugarman, D.B. (1999). Acts of psychological aggression against a partner and their relation to physical assault and gender [rafræn útgáfa]. *Journal of Marriage and Family*, 61(4), 959-970.

Helgi Gunnlaugsson, Rannveig Þórisdóttir og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotabólar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórn og Háskólaútgáfan.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd*, 17, 7-31.

Hotton, T. (2001, júní). Spousal violence after marital separation [rafræn útgáfa]. *Juristat: Canadian Centre for Justice Statistics*, 21(7). Sótt 27. ágúst 2009 af <http://www.statcan.gc.ca/pub/85-002-x/85-002-x2001007-eng.pdf>.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Johnson, I. (2007). Victim's perceptions of police response to domestic violence incidents [rafræn útgáfa]. *Journal of Criminal Justice*, 35, 498-510.

Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Fyrstu niðurstöður*. Sótt 27. ágúst 2009 af [www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt\\_um\\_rannsokn\\_a\\_ofbeldi\\_gegn\\_konum.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt_um_rannsokn_a_ofbeldi_gegn_konum.pdf).

Kristinn Karlsson. (1982). *Jafnréttiskönnun í Reykjavík 1980-1981*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar og Háskóli Íslands.

Krug, E.G., Dahlberg, L.L., Mercy, J.A., Zwi, A.B. og Lozano, R. (ritstj.) (2002). Violence by intimate partners. Í *World report on violence and health* (bls. 87-122). Genf: World Health Organization.

Marklund, F. og Nilsson, L. (2008). Polisens utredingar af völd mot kvinnor i nära relationer. *BRÅ-rapport 2008:25*. Stokkhólmi: Edita Norstedts Västerås.

Moffitt, T.E., Kruger, R.F., Caspi, A. og Fagan, J. (2000). Partner abuse and general crime: How are they the same? How are they different? *Criminology*, 38(1), 199-222.

Murell, A. R., Christoff, K.A. og Henning, K.R. (2007). Characteristics of domestic violence offenders: Associations with childhood exposure to violence. *Journal of Family Violence*, 22, 523-532.

Ríkislögreglustjórinn. (2001, mars). *Brot gegn lífi og líkama 1999: Samantekt um líkamsmeiðingar, aðrar en kynferðisbrot*. Sótt 14. október 2009 af: <http://www.logreglan.is/upload/files/Brot%20gegn%20l%EDfi%20og%20l%EDkama%201999.pdf>.

Ríkislögreglustjórinn. (2005, október). *Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála*. Sótt 14. október 2009 af [http://www.logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi\\_verklagsreglur.pdf](http://www.logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi_verklagsreglur.pdf).

Saltzman, L.E., Fanslow, J.L., McMahon, P.M. og Shelley, G.A. (1999). *Intimate partner violence surveillance: Uniform definitions and recommended data elements* (2. útgáfa) [rafræn útgáfa]. Atlanta: National Center for Injury Prevention and Control og Centers for Disease Control and Prevention.



Sonja Einarsdóttir. (2009). „Við erum ekki vondi maðurinn þegar við förum inn á heimili“: *Upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.

Stets, J.E. (1990). Verbal and Physical Aggression in Marriage [rafræn útgáfa]. *Journal of Marriage and Family*, 52(2), 501-514.

Tjaden, P. og Thoennes, N. (2000). *Extent, nature, and consequences of intimate partner violence: Findings from the National violence against women survey* [rafræn útgáfa]. Washington DC: National Institute of Justice og Centers for Disease and Prevention.

Walker, A., Flatley, J. og Kershaw, C. (2009, júlí). Crime in England and Wales 2008/09: Findings from the British Crime Survey and police recorded crime. *Home Office Statistical Bulletin*. Sótt 14. október 2009 af <http://www.homeoffice.gov.uk/rds/pdfs08/hosb0708.pdf>.

# Viðaukar

## Töflur í viðauka

**Tafla v1.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir aldri og kyni þolenda.

|             | Kona %             | Karl %             | Alls       | %          |
|-------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| 1-17 ára    | 6,6                | 14,3               | 86         | 8,9        |
| 18-34 ára   | 47,1               | 35,8               | 421        | 43,7       |
| 35-51 ára   | 36,1               | 37,2               | 351        | 36,4       |
| 52-68 ára   | 9,4                | 11,9               | 98         | 10,2       |
| 69 og eldri | 0,9                | 0,7                | 8          | 0,8        |
| <b>Alls</b> | <b>100 (N=670)</b> | <b>100 (N=294)</b> | <b>964</b> | <b>100</b> |

**Tafla v2.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir aldri og kyni gerenda.

|             | Kona %             | Karl %             | Alls       | %          |
|-------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| 1-17 ára    | 8,0                | 5,9                | 51         | 6,4        |
| 18-34 ára   | 47,1               | 39,9               | 328        | 41,6       |
| 35-51 ára   | 35,8               | 43,9               | 328        | 42,0       |
| 52-68 ára   | 8,6                | 9,9                | 77         | 9,6        |
| 69 og eldri | 0,5                | 0,3                | 3          | 0,4        |
| <b>Alls</b> | <b>100 (N=186)</b> | <b>100 (N=601)</b> | <b>787</b> | <b>100</b> |

**Tafla v3.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir fjölda gerenda í máli og tegund atviks.

|                   | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls       | %          |
|-------------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| Einn              | 87,3               | 79,1               | 823        | 82,9       |
| Tveir             | 11,8               | 20,7               | 165        | 16,6       |
| Þrír              | 0,7                | 0,2                | 4          | 0,4        |
| Fjórir eða fleiri | 0,2                | 0,0                | 1          | 0,1        |
| <b>Alls</b>       | <b>100 (N=458)</b> | <b>100 (N=535)</b> | <b>993</b> | <b>100</b> |

**Tafla v4.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir fjölda þolenda í máli og tegund atviks.

|                   | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls       | %          |
|-------------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| Einn              | 75,1               | 72,7               | 733        | 73,8       |
| Tveir             | 20,7               | 26,2               | 235        | 23,7       |
| Þrír              | 3,5                | 0,9                | 21         | 2,1        |
| Fjórir eða fleiri | 0,7                | 0,2                | 4          | 0,4        |
| <b>Alls</b>       | <b>100 (N=458)</b> | <b>100 (N=535)</b> | <b>993</b> | <b>100</b> |

**Tafla v5.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir því hvort fleiri tilvik voru nefnd í skýrslu og tegund atviks.

|                                                         | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls       | %          |
|---------------------------------------------------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| Fleiri tilvik nefnd                                     | 74,5               | 81,5               | 323        | 76,9       |
| Nefnt sérstaklega að ekki væri um fleiri tilvik að ræða | 25,5               | 18,5               | 97         | 23,1       |
| <b>Alls</b>                                             | <b>100 (N=274)</b> | <b>100 (N=146)</b> | <b>420</b> | <b>100</b> |

**Tafla v6.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir tengslum þolanda við gerendur og tegund atviks.

|                                               | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls         | %          |
|-----------------------------------------------|--------------------|--------------------|--------------|------------|
| Maki                                          | 41,2               | 40,1               | 503          | 40,6       |
| Fyrirverandi maki                             | 22,1               | 23,6               | 283          | 22,9       |
| Foreldri er þolandi barnsins                  | 9,1                | 13,6               | 142          | 11,5       |
| Barn er þolandi foreldris                     | 9,4                | 10,1               | 121          | 9,8        |
| Systkini                                      | 4,4                | 4,6                | 56           | 4,5        |
| Annað (vinur eða eitthvað slíkt)              | 5,8                | 2,5                | 50           | 4,0        |
| Kærasti/kærasta                               | 3,2                | 2,1                | 33           | 2,7        |
| Fyrirverandi kærasti/kærasta                  | 1,9                | 1,1                | 18           | 1,5        |
| Þol. skyldur maka ger. t.d. tengdamóðir/faðir | 1,5                | 0,8                | 14           | 1,1        |
| Núv. maki verður ofbeldi af fyrirv. maka      | 0,5                | 0,3                | 5            | 0,4        |
| Frændi/frænka                                 | 0,2                | 0,6                | 5            | 0,4        |
| Barnsfaðir/móðir                              | 0,7                | 0,2                | 5            | 0,4        |
| Fyrirv. maki er þolandi núverandi maka        | 0,0                | 0,5                | 3            | 0,2        |
| <b>Alls</b>                                   | <b>100 (N=585)</b> | <b>100 (N=653)</b> | <b>1.238</b> | <b>100</b> |

**Tafla v7.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir tilkynnanda (stundum fleiri en einn sem tilkynnti).

|                               | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Fjöldi tilkynnenda | %          |
|-------------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|------------|
| Þolandi                       | 64,3               | 74,9               | 608                | 69,7       |
| Ytri aðili (nágranni)         | 10,3               | 11,3               | 94                 | 10,8       |
| Skyldur eða tengdur á staðnum | 12,8               | 7,2                | 87                 | 9,9        |
| Gerandi                       | 4,7                | 3,8                | 37                 | 4,2        |
| Tengdur en ekki á staðnum     | 3,5                | 2,3                | 25                 | 2,9        |
| Annað                         | 4,4                | 0,5                | 21                 | 2,4        |
| <b>Alls</b>                   | <b>100 (N=429)</b> | <b>100 (N=443)</b> | <b>872</b>         | <b>100</b> |

**Tafla v8.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir aðgengi lögreglu á vettvangi.

|                          | Ofbeldi %  | Ágreiningur % | Alls       | %          |
|--------------------------|------------|---------------|------------|------------|
| Gott aðgengi             | 97,3       | 98,7          | 823        | 98,1       |
| Að lokum opnað           | 1,9        | 0,6           | 10         | 1,2        |
| Lögregla brýtur sér leið | 0,8        | 0,2           | 4          | 0,5        |
| Lögreglu ekki hleypt inn | 0,0        | 0,4           | 2          | 0,2        |
| <b>Alls</b>              | <b>100</b> | <b>100</b>    | <b>839</b> | <b>100</b> |

**Tafla v9.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir ástandi þolanda og tegund atviks.

|                                       | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls         | %          |
|---------------------------------------|--------------------|--------------------|--------------|------------|
| Allsgáður                             | 70,6               | 80,3               | 773          | 75,7       |
| Ölvaður                               | 26,3               | 18,3               | 225          | 22,0       |
| Annarlegt ástand - ekki útskýrt nánar | 1,0                | 0,7                | 9            | 0,9        |
| Áfengi m. lyfjum og/eða fíkniefni     | 1,5                | 0,2                | 8            | 0,8        |
| Eiturlyfjaneysla                      | 0,6                | 0,6                | 6            | 0,6        |
| <b>Alls</b>                           | <b>100 (N=479)</b> | <b>100 (N=542)</b> | <b>1.021</b> | <b>100</b> |

**Tafla v10.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir ástandi geranda og tegund atviks.

|                                       | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls       | %          |
|---------------------------------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| Allsgáður                             | 37,5               | 58,9               | 435        | 49,5       |
| Ölvaður                               | 52,3               | 35,4               | 376        | 42,8       |
| Eiturlyfjaneysla                      | 4,9                | 3,2                | 35         | 4,0        |
| Áfengi m. lyfjum og/eða fíkniefni     | 3,6                | 1,4                | 21         | 2,4        |
| Annarlegt ástand - ekki útskýrt nánar | 1,6                | 1,0                | 11         | 1,3        |
| <b>Alls</b>                           | <b>100 (N=384)</b> | <b>100 (N=494)</b> | <b>878</b> | <b>100</b> |

**Tafla v11.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir fjölda gerenda sem áttu við einhvers konar geðræn vandamál að stríða og tegund atviks.

|                                           | Ofbeldi %         | Ágreiningur %     | Alls      | %          |
|-------------------------------------------|-------------------|-------------------|-----------|------------|
| Gerandi - geðræn vandamál                 | 51,1              | 41,0              | 40        | 46,5       |
| Gerandi - gefið til kynna geðræn vandamál | 48,9              | 59,0              | 46        | 53,5       |
| <b>Alls</b>                               | <b>100 (N=47)</b> | <b>100 (N=39)</b> | <b>86</b> | <b>100</b> |

**Tafla v12.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir fjölda barna og ungmenna (yngri en 18 ára) á vettvangi þegar atvik átti sér stað og tegund atviks.

|                   | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls        | %          |
|-------------------|--------------------|--------------------|-------------|------------|
| Eitt barn         | 58,8               | 61,2               | 230         | 60,1       |
| Tvö börn          | 30,2               | 28,4               | 112         | 29,2       |
| Þrjú börn         | 7,7                | 8,0                | 30          | 7,8        |
| Fjögur eða fleiri | 3,3                | 2,5                | 11          | 2,9        |
| <b>Alls</b>       | <b>100 (N=182)</b> | <b>100 (N=201)</b> | <b>383*</b> | <b>100</b> |

\*Í fimm tilvikum vantaði upplýsingar um fjölda barna á vettvangi.

**Tafla v13.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir tegund andlegs ofbeldis og tegund atviks.

|                                 | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls       | %          |
|---------------------------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| Þvingun - engum orðum beitt     | 0,4                | ,2                 | 2          | 0,3        |
| Umsátur - engum orðum beitt     | 11,0               | 5,5                | 52         | 7,7        |
| Móðgun/svívirðing - orðum beitt | 43,9               | 71,1               | 411        | 60,5       |
| Dulin hátun - orðum beitt       | 6,4                | 6,5                | 44         | 6,5        |
| Minniháttar hátun/ógnun/kúgun   | 6,8                | 5,5                | 41         | 6,0        |
| Meiriháttar hátun/ógnun/kúgun   | 7,2                | 5,1                | 40         | 5,9        |
| Alvarleg hátun                  | 2,7                | 1,4                | 13         | 1,9        |
| Líflátshótun                    | 21,6               | 4,6                | 76         | 11,2       |
| <b>Alls</b>                     | <b>100 (N=264)</b> | <b>100 (N=415)</b> | <b>679</b> | <b>100</b> |

**Tafla v14.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir tegund líkamlegs ofbeldis og tegund atviks.

|                               | Ofbeldi %          | Ágreiningur %      | Alls       | %          |
|-------------------------------|--------------------|--------------------|------------|------------|
| Líkamlegt - tilraun minni     | 3,9                | 3,6                | 31         | 3,8        |
| Líkamlegt - tilraun meiri     | 4,3                | 4,5                | 36         | 4,4        |
| Líkamlegt - minniháttar minni | 15,8               | 35,5               | 194        | 23,7       |
| Líkamlegt - minniháttar meiri | 17,0               | 21,8               | 155        | 18,9       |
| Líkamlegt - árásir minni      | 21,7               | 18,2               | 166        | 20,3       |
| Líkamlegt - árásir meiri      | 21,7               | 8,5                | 134        | 16,4       |
| Líkamsmeiðingar minni         | 9,8                | 4,5                | 63         | 7,7        |
| Líkamsmeiðingar meiri         | 5,7                | 3,3                | 39         | 4,8        |
| <b>Alls</b>                   | <b>100 (N=488)</b> | <b>100 (N=330)</b> | <b>818</b> | <b>100</b> |

**Tafla v15.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir beitingu vopna og vopnategund (öll vopnin, stundum fleiri en eitt í máli).

|                     | Ógnað %     | Beitt %     | Uppl. vantar % | Alls       | %          |
|---------------------|-------------|-------------|----------------|------------|------------|
| Eggvopn             | 73,7        | 22,4        | 3,9            | 76         | 100        |
| Borðbúnaður/húsgögn | 11,1        | 88,9        | 0,0            | 18         | 100        |
| Barefli             | 25,0        | 75,0        | 0,0            | 8          | 100        |
| Úðabrúsi (mace)     | 0,0         | 100,0       | 0,0            | 4          | 100        |
| Ökutæki             | 50,0        | 50,0        | 0,0            | 2          | 100        |
| Skotvopn            | 100,0       | 0,0         | 0,0            | 2          | 100        |
| Annað               | 15,5        | 79,3        | 5,2            | 58         | 100        |
| <b>Alls</b>         | <b>42,9</b> | <b>53,6</b> | <b>3,6</b>     | <b>168</b> | <b>100</b> |

**Tafla v16.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir alvarleika og vikudegi.

|              | Stig 1 | Stig 2 | Stig 3 | Stig 4 | Stig 5 | Stig 6 | Stig 7 | Alls        |
|--------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|-------------|
| Sunnudagur   | 46,8   | 31,8   | 15,9   | 2,1    | 2,6    | 0      | 0,9    | 100 (N=233) |
| Mánudagur    | 45,7   | 33,6   | 15,5   | 3,4    | 1,7    | 0      | 0,0    | 100 (N=116) |
| Þriðjudagur  | 48,4   | 37,9   | 6,3    | 3,2    | 4,2    | 0      | 0,0    | 100 (N=95)  |
| Miðvikudagur | 51,2   | 28,0   | 17,1   | 3,7    | 0,0    | 0      | 0,0    | 100 (N=82)  |
| Fimmtudagur  | 44,8   | 28,6   | 17,1   | 6,7    | 2,9    | 0      | 0,0    | 100 (N=105) |
| Föstudagur   | 49,1   | 31,0   | 14,7   | 2,6    | 2,6    | 0      | 0,0    | 100 (N=116) |
| Laugardagur  | 51,4   | 26,9   | 15,7   | 3,2    | 2,3    | 0      | 0,5    | 100 (N=216) |

**Tafla v17.** Fjöldi og hlutfall heimilisofbeldismála sem tilkynnt voru til lögreglu 2006 og 2007, greint eftir aldri þolenda og alvarleikastigi.

|             | Stig 1 | Stig 2 | Stig 3 | Stig 4 | Stig 5 | Stig 6 | Stig 7 | Alls        |
|-------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|-------------|
| 1-17        | 55,7   | 29,5   | 10,2   | 2,3    | 2,3    | 0      | 0,0    | 100 (N=88)  |
| 18-34       | 45,4   | 33,3   | 12,4   | 3,4    | 2,8    | 0      | 0,4    | 100 (N=502) |
| 35-51       | 48,6   | 27,0   | 16,9   | 2,8    | 1,6    | 0      | 0,2    | 100 (N=426) |
| 52-68       | 55,2   | 26,7   | 8,6    | 2,6    | 0,9    | 0      | 0,0    | 100 (N=116) |
| 69 og eldri | 62,5   | 12,5   | 12,5   | 0,0    | 0,0    | 0      | 0,0    | 100 (N=8)   |

**Tafla v18.** Kyn þolenda greint eftir alvarleikastigi gagnvart hverjum þolanda.

|             | Stig 1 | Stig 2 | Stig 3 | Stig 4 | Stig 5 | Stig 6 | Stig 7 | Alls        |
|-------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|-------------|
| Kvenþolandi | 50,7   | 29,2   | 14,8   | 3,0    | 2,1    | 0,0    | 0,3    | 100 (N=878) |
| Karlþolandi | 57,1   | 31,1   | 7,7    | 2,5    | 1,6    | 0,0    | 0,0    | 100 (N=366) |

**Tafla v19.** Fjöldi tilvika þar sem lögregla hafði samskipti við annars vegar þolanda og hins vegar geranda á vettvangi.

|                                               | Ofbeldi % | Ágreiningur % | Fjöldi | %    |
|-----------------------------------------------|-----------|---------------|--------|------|
| Lögregla hafði samskipti við þol. á vettvangi | 83,5      | 85,8          | 1.087  | 84,7 |
| Lögregla hafði samskipti við ger. á vettvangi | 66,6      | 77,6          | 852    | 72,7 |

## Breytulisti

Hér eru upplýsingar um þær breytur sem skráðar voru við yfirlestur skýrslna og dagbókarfærsla.

### Upplýsingar um atvikið

Aðdragandi eða forsaga atviksins

Nýr maki; Skilnaður/sambandsslit; Forræðisdeila; Þráhyggja; Alvarleg veikindi; Ágreiningur um fjármál; Ágreiningur um börn; Meðganga; Atvinnuleysi; Ágreiningur milli foreldris og barns; Ágreiningur milli systkina; Áfengis- eða vímuefnaneysla; Ásökun um framhjáhald; Sambands- eða hjónabandserfiðleikar (annað en hér að ofan); Annað; Engar upplýsingar.

Kveikjan að atvikinu

Rifrildi/ósætti; Öfundskýki; Afbrýðisemi; Óvænt/fyrirvaralaust (t.d. þegar gerandinn er í annarlegu ástandi og ræðst að þolanda að því er virðist af engri sérstakri ástæðu); Annað; Engar upplýsingar.

Tilkynnandi atviks (gat verið fleiri en einn)

Þolandi; Gerandi; Vitni á staðnum - skyldur; Vitni á staðnum - tengdur; Vitni á staðnum - ótengdur (barþjónn, dyravörður); Ytri aðili (Nágranni); Tengdur en ekki á staðnum; Boð frá Securitas; Slysadeild/læknir; Þolandi og gerandi, eða ef einstaklingur er bæði þolandi og gerandi; Upplýsingar vantar; Á ekki við.

Hvernig lögreglu var gert viðvart

Útkall; Þolandi kom eða hringdi og tilkynnti á lögreglustöð; Slysadeild óskar eftir lögreglu; Lögreglan verður vitni eða í gegnum myndavélaeftirlit; Vitni kom og tilkynnti á lögreglustöð; Fyrst útkall en svo afturkallað; Upplýsingar vantar; Á ekki við.



#### Aðgengi lögreglu á vettvangi

Gott aðgengi; Bankað, hringt ítrekað, að lokum opnað; Brjóta sér; Lögreglu ekki hleypt inn og reynir ekki inngöngu; Upplýsingar vantar; Á ekki við

Fjöldi á vettvangi þegar atburður á sér stað.

2; 3; 4; 5; 6; 7; 8; 9; 10; 11-20; 21 eða fleiri; Upplýsingar vantar; Á ekki við (t.d. þegar þolandi fær sent sms/tölvupóst. Einnig þegar þolandi kemur og tilkynnir lögreglu um nokkur tilvik ofbeldis).

Fjöldi barna á vettvangi ef við á

1; 2; o.s.frv.; Upplýsingar vantar; Á ekki við.

Fæðingarár barns/a á vettvangi

Hér er sett inn fæðingarár: 1990, 1991, 1995 o.s.frv. (barn1, barn2, barn3 o.s.frv.). Setjum inn ef einstaklingur á heimili er 18 ára eða yngri þegar brotið átti sér stað. Ef ekki er vitað um fæðingarár barnsins/barnanna þá setja einn (1) í þann dálk.

Barnavernd tilkynnt um atvik á vettvangi

Já; Nei; Upplýsingar vantar; Á ekki við.

Barnaverndarnefnd kom á vettvang

Já; Nei; Komst ekki einhverra hluta vegna; Upplýsingar vantar; Á ekki við.

Lögregluskýrsla skrifuð

Já ; Nei.

Fleiri tilvik ágreinings eða ofbeldis milli skyldra og tengdra nefnd

Já; Nei (nefnt sérstaklega); Upplýsingar vantar.

Upplýsingar um gerendur (getur verið fleiri en einn)

Kyn geranda.

Karl; Kona; Upplýsingar vantar

Tegund geranda

Aðal gerandi ; Auka gerandi.

### Ástand geranda

Allsgáður; Ölvaður; Undir áhrifum eiturfyllja; Undir áhrifum áfengis og lyfja og/eða fíkniefna/lyfjaður; Annarlegt ástand en ekki útskýrt nánar í skýrslu; Upplýsingar vantar.

### Geðræn vandamál geranda nefnd

Gerandi á við geðræn vandamál að stríða; Gefið til kynna; Á ekki við.

### Samskipti lögreglu við geranda á vettvangi

Lögregla hafði samskipti við geranda; Lögregla hafði ekki samskipti við geranda á vettvangi; Barið á dyr en enginn svarar; Takmörkuð samskipti (t.d. þegar það er aðeins lítil rífa á dyrunum); Takmörkuð samskipti (t.d. vegna tungumála- eða tjáskiptaörðugleika); Upplýsingar vantar; Á ekki við, t.d. því komið var og tilkynnt á lögreglustöð seinna.

### Hvernig aðhafst gagnvart geranda

Gerandi handtekinn; Gerandi fer sjálfviljugur; Gerandi verður eftir/ekkert aðhafst; Gerandi fer á slysadeild; Farið með geranda í Kvennaathvarf; Upplýsingar vantar; Á ekki við því gerandi er farinn af vettvangi; Á ekki við, t.d. því komið var og tilkynnt á lögreglustöð eða því gerandi hafði samskipti við þolanda í gegnum sms eða eitthvað slíkt.

## Upplýsingar um þolendur (getur verið fleiri en einn)

### Kyn þolenda

Karl; Kona; Upplýsingar vantar.

### Tegund þolanda

Aðalþolandi ; Aukaþolandi.

### Ástand þolanda

Allsgáður; Ölvaður; Undir áhrifum eiturfyllja; Undir áhrifum áfengis og lyfja og/eða fíkniefna/lyfjaður; Annarlegt ástand en ekki útskýrt nánar í skýrslu; Upplýsingar vantar.

#### Tengsl þolanda við geranda

Maki; Kærasti/kærasta; Fyrrverandi maki; Fyrrverandi kærasti/kærasta; Foreldri er þolandi barnsins; Barn er þolandi foreldris; Systkini; Núverandi maki verður fyrir ofbeldi af fyrrverandi maka; Annað (vinur eða eitthvað slíkt); Fyrrverandi maki verður fyrir ofbeldi af núverandi maka; Frændi/frænka; Barnsfaðir eða barnsmóðir; Þolandi er skyldur maka geranda; Upplýsingar vantar.

#### Tegund andlegs ofbeldis

Þvingun (t.d. svipbrigði); Umsátur án orða; Móðgun/svívirðing, orðum beitt; Hótun, orðum beitt; Minniháttar hótun/ógnun/kúgun; Meiriháttar hótun/ógnun/kúgun, t.d. þolanda hótað um meiðsl; Alvarleg hótun um meiðsl, Líflátshótun; Upplýsingar vantar; Á ekki við.

#### Tegund líkamlegs ofbeldis

Tilraun til að beita ofbeldi (reynt að sparka, kýla o.s.frv.); Minniháttar (Hrint, slegið m. flötum lófa, skrámur); Árásir (sparkað, kýlt m. krepptum hnefa, bitið svo sár myndast, dregið á hárinu, kverkatak); Líkamsmeiðingar (Allar árásir á höfuð, hvort sem áverkar eða ekki); Upplýsingar vantar; Á ekki við.

#### Tegund kynferðislegs ofbeldis gegn þolanda

Tilraun (til kynferðislegs ofbeldis); Minniháttar (t.d. kynferðisleg áreitni); Meiriháttar kynferðisleg áreitni (t.d. nauðgun); Á ekki við.

#### Tegund vopns gegn þolanda (gat verið fleiri en eitt)

Eggvopn (t.d. hnífur, skæri); Barefli (ýmiss konar); Ökutæki; Úðabrúsi (mace); Annað; Á ekki við.

#### Beiting vopns gegn þolanda (ef fleiri en eitt vopn sett í sömu röð og vopn)

1-3 ógnun (1=minniháttar ógnun, 2=alvarlegri ógnun, 3=mjög alvarleg ógnun t.d. hnífur við háls); 4-6 beitt (4=vopni beitt en ekki mjög alvarlegt, 5=vopni beitt af meira afli/alvarlegra, 6=mjög alvarleg beiting vopns, t.d. þolandi stunginn); Upplýsingar vantar; Á ekki við.

### Áverkar þolanda

Engir áverkar; Minniháttar áverkar (t.d. minniháttar marblettir eða skrámur); Meiriháttar áverkar (stærri marblettir, bólgið nef o.s.frv.); Stórfelldir áverkar (beinbrot, alvarlegir höfuðáverkar, skurður, brotnar tennur, bitsár svo blæðir); Upplýsingar vantar; Á ekki við.

### Samskipti lögreglu við þolanda á vettvangi

Lögregla hafði samskipti við þolanda á vettvangi; Lögregla hafði ekki samskipti við þolanda á vettvangi; Barið á dyr en enginn svarar; Takmörkuð samskipti (t.d. þegar það er aðeins lítil rifa á dyrunum); Takmörkuð samskipti (t.d. vegna tungumála- eða tjáskiptaörðugleika); Upplýsingar vantar; Á ekki við.

### Afgreiðsla lögreglu gagnvart þolanda á vettvangi

Þolandi handtekinn; Slysadeild; Kvennaathvarfið; Barnavernd; Fór að heiman (fjölskylda, vinir); Fór að heiman (óskilgreint); Þolandi fór heim til sín; Þolandi varð eftir á lögreglustöð eftir skýrslutöku; Þolandi varð eftir á vettvangi (þ.e. ekki heima við); Þolandi fór af vettvangi; Þolandi varð eftir heima; Upplýsingar vantar; Á ekki við.

